

SKÓLAVARÐAN

8. tbl. 9. árg. desember 2009

Málgagn Kennarasambands Íslands

SIÐAREGLUR KENNARA

Samrekstur skóla

Negrastrákarnir og fjölbreytileiki

Myndagáta



AKUREYRI EÐA ÁRBÆJARSAFN?

VIÐ ÖKUM HÓPNUM ÞÍNUM HVERT Á LAND SEM ER!

Hópförðamiðstöðin - Trex er eitt stærsta rútufyrirtæki landsins með áratuga reynslu í þjónustu við hópa, jafnt innlenda sem erlenda. Við höfum rútur af öllum stærðum og gerðum, vel búnar til vetraraksturs og með öryggisbeltum. Ekki síst ber að nefna þau vana bílstjóra sem margir hafa mikla reynslu í akstri með skólahópa.

Hafið samband þegar ykkur vantar rútu og kíkið jafnframt inn á heimasíðuna okkar til að fá nánari upplýsingar um það sem við höfum að bjóða.

Hópförðamiðstöðin



TREX - Hesthálsi 10, 110 Reykjavík
sími: 587 6000 - info@trex.is - www.trex.is

Formaður og varaformaður KÍ og formenn aðildarfélaganna KÍ skiptast á um að skrifa formannspistla í Skólavörðuna. Félögin á bak við formannspistlana eru: Félag framhaldsskólakennara (FF), Félag grunnskólakennara (FG), Félag leikskólakennara (FL), Félag stjórnenda í framhaldsskólum (FS), Félag tónlistarskólakennara (FT), Skólastjórnendafélag Íslands (SÍ).



Ólafur Loftsson
formaður Félags grunnskólakennara

Það er „nebblega“ það!

Ansí er orðið þreytt að hlusta á suma af forystumönnum sveitarfélaga tala um að þeir ætli að standa vörð um störfin og grunnþjónustuna. Á sama tíma eru þeir ófáanlegir til að skilgreina *hvað er grunnþjónusta* og hvað *ekki*. Þeir fáu sem hættu sér út á þá braut tala út og suður um málin. Hvernig er hægt að skera niður kennslumagn í skólum, setja á yfirvinnubann, sameina bekk, fækka fólki, hættu með viðbótarstund, segja upp öllum lausráðnum, hættu að endurnýja tæki og tól, fækka í hópi stjórnenda og um leið: *auka gæði og þjónustu*? Hvers konar dæla er þetta?

Hvers vegna ákveða sveitarstjórnarmenn ekki hvaða málaflokka þeir ætla að setja í forgang og *setja þá svo í forgang*? Ég sé ekki betur en stefnan sé sú að skera alls staðar niður, skerða alla þjónustu og minnka gæði í allri þjónustu sveitarfélaga – og þannig missa allt niðrum sig alls staðar. Með öðrum orðum: Þjónusta versnar á öllum sviðum og enginn stendur vörð um grunnþjónustuna. Ég er samt nokkuð viss um að flestir eru sammála um að við viljum standa vörð um heilbrigðisþjónustu, lögreglu, slökkvi- og sjúkralið og menntakerfi svo að helstu málaflokkar séu nefndir.

Allt Kennarasambandinu að kenna

Eitt af þreyttustu rökum sumra forsvarsmanna sveitarfélaga er að kenna kjarasamningum kennara um það sem aflaga fer í skólaskarfi. Það nýjasta er að ekki sé hægt að styttu skólaárið vegna þess að það sé bundið í kjarasamninga kennara! Kennarar séu svo ósveigjanlegir. Með nýsamþykktum grunnskólalögum á Alþingi var ákveðið að binda í lög að nemendadagur eigi að vera 180. Sveitarfélögin hafa skrifað undir stöðugleikasáttmála þar sem meðal annars kemur fram að:

Forsendur stéttarfélaga á opinberum vinnumarkaði fyrir gerð kjarasamninga eru að ekki verði gripið til lagasetninga eða annarra stjórnvaldsáðgerða sem hafa bein áhrif á innihald kjarasamninga eða kollvarpa með öðrum hætti þeim grunni sem kjarasamningar byggjast á.

Félög Kennarasambandsins hafa samkvæmt þessu skuldbundið sig til að fara ekki fram á frekari launakröfur en koma fram í stöðugleikasáttmálanum og við hljótum að krefjast þess að sveitarfélögin standi við sinn hluta. Ef það er Kennarasambandinu að kenna að við stöndum vörð um hagsmuni nemenda og heimila í landinu þá er ég stoltur af að eiga hlutdeild í því. Það ættu fleiri að skipa sér í þá sveit. Ekki vildi ég vera sveitarstjórnarmaður í næstu kosningum og bera ábyrgð á því að hafa ekki haft dug í mér til að standa vörð um menntun barnanna okkar.

Það er óumdeilt að til lengri tíma litið er öflugt og sterkt menntakerfi hornsteinn uppbyggingar í landinu. Hagfræðingar eru sammála um að

Ef það er Kennarasambandinu að kenna að við stöndum vörð um hagsmuni nemenda og heimila í landinu þá er ég stoltur af að eiga hlutdeild í því. Það ættu fleiri að skipa sér í þá sveit.

á krepputímum er niðurskurður til menntamála eitt af því vitlausasta sem hægt er að gera. Þorvaldur Gylfason hagfræðiprófessor benti á í fyrirlestri á síðasta þingi Kennarasambandsins að „góð lífskjör og mikil og góð menntun haldast í hendur“. Við getum ekki leyft okkur að láta ákveðna árganga nemenda fara á mis við þessi tækifæri. Við höfum hreinlega ekki efni á því.

Meinið það sem þið segið

Eitt að því sem kom út úr Þjóðfundinum var sú eindregna skoðun fundarmanna að það eigi að standa vörð um menntun barnanna okkar. Menntamál voru í fyrsta sæti af níu meginþemum sem valin voru af fundarmönnum inn í framtíðina. Ég skora á sveitarstjórnarmenn að 1) hættu að *þykjast* en gera það *í raun* og taka eindregna afstöðu með menntun barnanna og 2) horfast í augu við það að frekari niðurskurður setur skólaskarfi í enn meira uppnám með tilheyrandi afleiðingum fyrir nemendur. Ef það er einbeittur vilji sveitarstjórnarmanna að skera enn frekar niður í skólaskarfinu eiga þeir að segja það. Berum orðum.

Niðurskurður þýðir sjálfkrafa skert þjónusta og minni gæði – punktur. Hann þýðir að þeir árgangar nemenda sem í lenda verða fyrir óbætanlegum missi. Segið það sem meinið og meinið það sem þið segið. Hættið að fela ykkur á bak við „störfin og grunnþjónustuna“.

Ps.

Ég horfi út um gluggann minn á skrifstofu Kennarasambandsins á vélar og menn leggja veg vegna Hliðarfótarlóðar þar sem samgöngumiðstöð átti að vera. Þessi vegstubbur kostar í ár 450.000.000 krónur! Forgangs-verkefni?

Ólafur Loftsson



Ljósmynd: Kristján Valdimarsson

Gleðileg jól

„Nánast pervert polinmæði“

Flestir sem gera grín að öðrum og sjálfum sér gera það til að vekja kátínu og saklausa gleði. En til er varnarháttur sem felst í að upphefja sjálfan sig á kostnað annarra - og kalla það húmor. Hroki er ekki fyndinn til langframa, í besta falli einu sinni eða tvisvar. Má ég þá frekar biðja um sannleika, hjartahlýju, seiglu, andúð á alhæfingum og önnur slík leiðinlegheit. Mörgum finnst gaman að gera grín að kennurum, alhæfa um þá og gagnrýna þá ómálefnalega. Kennarar eru auðveldur skotsþónn, á því leikur enginn vafi. Þeir eru líka stundum hörundsárir sem er skiljanlegt í ljósi þess að allir telja sig mega koma á þá höggi – og nýta sér það oft og tíðum ótæpilega. Þetta er sérstaklega áberandi á skylduskólastiginu vegna þess að enginn er undanþeginn afskiptum af því með einhverjum hætti.

Þessir marggagnrýndu kennarar börðust hins vegar af alefli fyrir því að nemandinn og hans hagar væru í forgrunni í nýjum menntalögum á öllum skólastigum fram að háskóla - og náðu því í gegn. Ég fullyrði: Kennarar eru flott fólk að gera flotta hluti við oft og tíðum afspyrnu lélegar aðstæður. Í hverri orrahríðinni á fætur annarri auðsýna þeir *nánast pervert polinmæði*, sér í lagi ef veist er að nemendum.

Þessi frasi, *nánast pervert polinmæði*, er fenginn að láni frá Jóhönnu K. Eyjólfsdóttur framkvæmdastjóra Íslandsdeildar Amnesty

International sem er góð og snjöll manneskja, hún var í útvarpinu að tala um langlundargeð í baráttunni gegn pyndingum, dauðarefsingum og nú síðast fátækt. Þeir kennarar sem ég hef spurt gefa allir, undantekningalaust, til samfélagshjálpar með einum eða öðrum hætti, Amnesty, Rauða krossins, ABC barnahjálpar, Hjálparstofnunar kirkjunnar, SPES, Unicef, Fjölskylduhjálparinnar, Mæðrastyrksnefndar, Hjálpræðishersins og svo framvegis. Í þessu samhengi get ég ekki látið hjá líða að benda á að víða úti á landi hefur fólk ekki aðgang að matargjöfum þótt það þurfi sárlega á þeim að halda. Ég þekki sjálf dæmi slíks. Þetta er verulegur ljóður á skipulagningu hjálparstarfs hér innanlands sem við þurfum að bæta úr hið snarasta.

Á óskalistanum mínum fyrir þessi jól, kæri jólasveinn er, auk mannréttinda og matar á allra borðum, samfélagsleg umræða um skólamál, upplýst af áhuga, spurn og *málefnalegri gagnrýni* kennara-samfélaginu til handa. Málefnaleg gagnrýni er gott og gagnlegt tæki til að hefja umræðu upp úr klisjum reiði og fávísku. Tölum saman um skólann. Hann skiptir okkur öll ótrúlega miklu máli.

Gleðileg jól!
Kristín Elfa Guðnadóttir

EFNISYFIRLIT

Formannspistill: Það er „nebblega“ það!	3	Skólahald: Samrekstur leik-, grunn- og tónlistarskóla	18
Leiðari: Nánast pervert polinmæði	4	Kennslufræði: Farsímar í framhaldsskólanámi	19
Gestaskrif: Heimsóknir listamanna í skóla	5	Símenntun: Forvarnaskólinn	20
Kjaramál: Framhaldsskólakennarar – hópar, launaröðun, stundatöflur	7	Námsgögn: Nýtt efni frá Námsgagnastofnun í íslensku og landafræði	22
Teiknimyndasagan: Jóladaðgar	7	Fréttir: Fundaröð um TALIS, ályktað gegn niðurskurði	22
Getraun: Hver er maðurinn?	8	Fréttir: Kennari gerir við hljóðfæri, landskeppni eTwinning	24
Viðtal: Mikilvægt að hugsa og tala saman um siðareglur	10	Kennarar í hjálparstörfum: Eru ekki allir í einhverju?	26
Vinnuvernd: Streita og vanlíðan á vinnustað	13	Menntamál: Menntun í fyrsta sæti á þjóðfundi	28
Rannsókn: Bókin Negrastrákarnir og fjölbreytileiki á Íslandi	14	Ráðstefna: Skóli án aðgreiningar, áskoranir og hindranir	29
Myndagáta: Jólamyndagáta Skólavörðunnar	16	Smiðshöggjöð: Ævintýri og upplifanir	29

Ritstjóri: Kristín Elfa Guðnadóttir kristin@ki.is
Ábyrgðarmaður: Eiríkur Jónsson eirikur@ki.is
Umsjónarmaður félagatals: Sigríður Sveinsdóttir sigridur@ki.is / sími 595 1115
Hönnun: Zetor ehf.
Ljósmyndir: Jón Svavarsson, nema annars sé getið

Forsíðumynd: Gróttá
Auðlýsingar: Stella Kristinsdóttir stella@ki.is / sími 595 1142 eða 867-8959
Prentun: Ísafold
Skólavörðun, s. 595 1104 (Kristín) Laufásvegi 81, 101 Reykjavík



KENNARASAMBAND ÍSLANDS



Gestaskrifarinn okkar, Kristlaug María Sigurðardóttir (Kikka), hefur skrifað margt fleira um dagana og er meðal annars höfundur söngleikjanna *Ávxtakörfunnar* og *Hafsins bláa*, leikritsins *Vodkakúrinn*, bíómyndarinnar *Didda og dauði kötturinn* og bókanna um *Jón Ólaf jólasvein* en önnur bókin um þennan unga keflvíska jólasvein er nýkomin út. Hún heitir *Jón Ólafur með dauðann á hælunum!*

Ljósmyndari: Áni Torfason

Heimsóknir listamanna í skóla

Á hverju ári frá því að börnin mín byrjuðu í skóla hérlandis hafa rithöfundar komið í skólann til þeirra að kynna störf sín og verk ef svo ber undir. *Skáld í skólum* er þessi dagskrá kölluð og er skipulögð af Höfundamiðstöð Rithöfundasambands Íslands. Þetta hafa verið ánægjulegar heimsóknir og börnin alltaf komið uppnumin heim og sagt mér frá og glaðst yfir góðum degi. Þannig að ég veit frá fyrstu hendi að svona heimsóknir skipta máli fyrir skólanema og gefa þeim sýn inn í heim rithöfunda.

Nú veit ég ekki hvort aðrir listamenn, nema þá kannski leikarar með leiksýningar sem eru gerðar sérstaklega fyrir skólana, stundi það að heimsækja skóla og kynna vinnu sína og verk. En mér finnst æskilegt að þeir geri það. Eins væri bráðsniðjallt að vísindamenn kæmu reglulega að kynna nýjustu tækni og vísindi og vektu þannig nýsköpunaráhuga hjá grunnskólabörnum.

Ég las viðtal við rithöfund um daginn sem sagði frá því að sökum „ástandsins“ væri ekki lengur um það að ræða að rithöfundum væri boðið í skólana og lesa upp og kynna verk sín, skólarnir hefðu ekki efni á því lengur. Þetta þóttu mér skelfileg tíðindi, bæði fyrir grunnskólabörn landsins og svo auðvitað líka fyrir rithöfundana sem njóta þessara funda ekki síður en skólakrakkarnir sjálfir.

Skólaheimsóknir og listamannalaun

Ég varð auðvitað huggsi yfir þessu og datt þá

í hug að núna væri lag að tengja saman ferðir listamannaískólaviðúthlutunlistamannalauna þannig að þeir listamenn sem eru á launum frá hinu opinbera séu aðgengilegir fyrir skólana, án endurgjalds. Þannig væri hægt að bjóða rithöfundum og öðrum listamönnum að koma og eiga stefnumót við yngstu borgarana, bæði leikskóla- og grunnskólabörn, og skapa þannig brú á milli listamanna og skóla.

Það má ímynda sér að inni í listamannalaunum í eitt ár væru til dæmis innifaldar tólf kennslustundir til skóla, sem er þá ein kennslustund á mánuði í þetta eina ár. Eða að hver listamaður sem fengi listamannalaun þyrfti að fara í eina skólaheimsókn á tímabilinu og væri um að ræða skóla langt frá heimili listamannsins yrði ferða- og gistikostnaður greiddur.

Einhverjum kann að þykja þessar hugmyndir barnalegar og illfrákvæmanlegar, öðrum ekki. Mér finnst þetta vera alger snilld og auðvelt að framkvæma þar sem skólamál og menningarmál falla undir sama ráðuneyti og því lítið mál að samræma og samhæfa og sjá til þess að það komi að minnsta kosti einn listamaður í heimsókn í hvern leik- og grunnskóla á landinu á hverju ári.

Eins má sjá fyrir sér að fleiri sjóðir á vegum mennta- og menningarráðuneytisins, eða aðrir opinberir sjóðir sem úthluta stærri styrkjum, gætu verið með svona tengingu inn í skóla. Með beinni tengingu milli listamanna og skóla

í stað þess að hætta að fara í skólana út af fjárskorti eigum við einmitt að fara oftar þangað, rithöfundar og aðrir listamenn eiga að gera innrás í skólana, taka þá yfir í stutta stund og lesa, spjalla og eiga stund með skólafólki, sjálfum sér og öðrum til ánægju.



Aðlögum stjórnvöld að okkur en ekki öfugt, þá lagast allt hitt af sjálfu sér og við verðum heilsteypt þjóð aftur.

vinnur þjóðfélagið betur í að byggja sjálft sig upp að mínu mati og við öðlumst ríkara og gjöfulla samfélag. Þeir listamenn sem eru ekki á listamannalaunum geta farið í skólana líka á sínum eigin forsendum, vegna þess að þá langar til þess að lesa bækur, segja sögur, mála myndir, dansa ballett og spjalla og leika sér við börn og fullorðna án endurgjalds. Ég er eiginlega alveg viss um að það er ekki sá skóli eða leikskóli í landinu sem hefur ekki tíma aflögu frá strangri aðalnámsskrá til að taka á móti slíkum gestum.

Rithöfundasambandið hefur staðið fyrir því að senda skáld í skóla um árabíl með góðum árangri og eru þessar hugmyndir ekki settar upp gegn því framtaki, enda er það frábært. En það má kannski taka það til fyrirmyndar og skoða hvernig rithöfundar, gjarnan tveir saman, hafa sett saman dagskrá úr verkum sínum og flutt þau fyrir grunnskólabörn víða um landið.

Ef til vill má taka þetta skapalón rithöfundanna og búa til hópa listamanna; rithöfund og hönnuð eða tónlistarmann og myndlistarmann eða leikara, tónskáld og ballerínu, sem dæmi. Hóparnir færu svo saman og kynntu list sína í skólum og kynntust daglegu lífi í skólunum í leiðinni. Sjá ekki allir hvað þetta er frábært og gefandi fyrir alla aðila, eða eins og sagt er á góðri útlensku „win-win situation“?

Að öllu gríni slepptu þá lífum við á tímum þar sem við þurfum að hugsa út fyrir kassann og finna lausnir frekar en að leggja árar í bát. Við upplifðum hrun á mörgum sviðum, ekki síst efnahagslega og siðferðislega en líka tilfinningalega, og nú er komið að því að byggja upp aftur. En í stað þess að hætta að fara í skólana út af fjárskorti eigum við einmitt að fara oftast þangað, rithöfundar og aðrir listamenn eiga að gera innrás í skólana, taka

þá yfir í stutta stund og lesa, spjalla og eiga stund með skólafólki, sjálfum sér og öðrum til ánægju. Lyfta andanum á hærra plan án þess að hugsa um það hvað hlutirnir hefðu kostað ef það væri ennþá 2007. Þá komum við hjartanu og tilfinningum aftur í réttan takt, gott siðferði blómstrar og við byrjum sjálf á tiltektinni sem við erum öll að bíða eftir að stjórnvöld hefji, innan frá. Aðlögum stjórnvöld að okkur en ekki öfugt, þá lagast allt hitt af sjálfu sér og við verðum heilsteypt þjóð aftur.

Einhvers staðar las ég eða heyrði að þegar maður á lítið þá eigi maður að gefa mikið. Þannig sé maður að segja alheiminum að það sé til nóg fyrir alla. Ég veit með vissu að það er nóg til af rithöfundum og öðrum listamönnum sem eru meira en til í að koma í skólana og eiga stund með nemendum, gefa tíma sinn. Ég tel að við sem störfum sem listamenn höfum ekki efni á því að gera það ekki. Oft var þörf en nú er nauðsyn.

Heimsókn í Heiðarskóla

Ég sjálf var svo heppin um daginn að vera boðið að koma og hitta yngri bekk í Heiðarskóla í Reykjanesbæ. Þetta var sérstakt að því leyti að ég var ekki að kynna nýju bókina mína heldur að ræða við nemendur um það hvernig það er að vera rithöfundur, segja þeim hvernig vinnudagurinn væri og svara spurningum. Fyrri daginn hitti ég krakka í 1. bekk og seinni daginn 2. bekk, 3ja bekk og að lokum fimmta bekk. Það er skemmst frá því að segja að þessar heimsóknir voru einstaklega ánægjulegar fyrir mig. Krakarnir voru að undirbúa dagskrá fyrir Dag íslenskrar tungu og voru þau yngri að vinna dagskrá úr Ávaxtakörfunni og þau eldri úr Diddu og dauða kettinum. Þau sungu, unnu leiklestra upp úr bókinni um Diddu og léku af bestu list.

Ég var mjög ánægð með það sem þau voru að gera og þakklát fyrir að fá að koma og fylgjast með þeim í undirbúningnum.

Seinni daginn þegar ég hafði hitt alla bekkina og var á leið út úr skólanum kom til mín ungur drengur sem ég hafði hitt í fyrsta bekk deginum áður. Hann tók í höndina á mér og horfði voteygður á mig. „Heyrðu Kikka, ég ætla bara segja þér að ég vil ekki vera eins og Immi ananas, ég ætla alltaf að vera góður við alla“. Svo labbaði stubburinn út og fór að leika sér við skólafélaga sína. Ég hins vegar stóð eftir á ganginum og horfði á eftir honum, orðin voteyg líka, og hugsaði með mér hvað það væru mikil forréttindi sem höfundur að fá að upplifa andartak sem þetta. Að ná til eins lesanda eða áhorfanda er gefandi og gerir skriftirnar, sem oft geta tekið á, þess virði. Jafnvel þó lesandinn sé aðeins sjö ára gamall. Eða kannski ég ætti heldur að skrifa: Sérstaklega vegna þess að lesandinn er bara sjö ára.

Þegar ég gekk út úr Heiðarskóla skömmu síðar fór um mig einkennilegur sæluhröllur, ég hafði fengið bestu viðurkenningu sem rithöfundar fá, viðurkenningu lesanda. Ég vona að „ástandið“ verði ekki til þess að rithöfundar og aðrir listamenn hætti að fara í skólaheimsóknir og eiga þar stund með nemendum og kennurum. Það væri mikill missir, bæði fyrir skólana og ekki síst rithöfundana sjálfa. Þess vegna er ekki vitlaust að tengja listamenn við skólana í gegnum listamannalaunin, bara tímabundið, þar til við höfum komið okkur upp á lappirnar aftur.

Kristlaug María Sigurðardóttir
Höfundur er rithöfundur.

Framhaldsskólakennarar – hópar, launaröðun, stundatöflur

Þrjú atriði sem töluvert er spurt út í varðandi störf framhaldsskólakennara og ég hef valið að fjalla um að þessu sinni eru grunnviðmið um nemendafjölda í námshópum, launaröðun og stundatöflur.

Grunnviðmið um nemendafjölda í námshópum?

Grunnviðmið samkvæmt auglýsingu 4/2001 eru 12 nemendur í verknámshópum, 15 nemendur í list- og tölvufræðihópum og 25 nemendur í almennum bóklegum greinum, eða samkvæmt ákvörðun menntamálaráðuneytis hverju sinni um viðmið um fjölda nemenda í einstökum áföngum. Heimilt er að hafa allt að 25% fleiri nemendur en 12, 15 og 25 þ.e.a.s 15, 18,75 og 31,25. Leita verður samþykkis kennara ef nemendur verða fleiri en þetta. Kennarar geta þó hafnað slíku og gera það oft vegna faglegra sjónarmiða. Þess eru dæmi að samstarfsnefndir í einstökum framhaldsskólum hafi gert samkomulag um hópaálagsgreiðslur.

Launaröðun framhaldsskólakennara

Frágætt 1. maí 2006 fékk hver framhaldsskóli umsamíð fjármagn ofan á heildarlaunagrunn sinn til að gera stofnanasamning um nýtt launakerfi. Launaröðun er því komin út í skólana sjálfa og er ekki lengur miðlæg eins og áður var. Í hverjum skóla er samstarfsnefnd skipuð fulltrúum kennara og stjórnenda sem gerir stofnanasamning um störf og launaröðun starfa í samræmi við nýtt launakerfi. Það er því mikilvægt að skoða stofnanasamning viðkomandi skóla til að sjá launaröðun en áherslur skólanna geta verið mismunandi. Stofnanasamningar skólanna eru aðgengilegir

á vef KÍ ff.ki.is/?PageID=1198 og allir geta skoðað þá þar. Ákvæði um vinnutíma og skyld mál eru öll miðlæg. Stofnanasamningur er hluti af kjarasamningi og er sérstakur samningur (sjá 11. kafla í kjarasamningi) milli fulltrúa stofnunar og fulltrúa stéttarfélagsins í skólanum um útfærslu á launaröðun þeirra starfa sem kennarar, náms- og starfsráðgjafar og stjórnendur hafa með höndum. En hvert á að snúa sér ef starfsmaður telur sér ekki vera rétt ráðað til launa? Fyrst ætti viðkomandi að leita til trúnaðarmanns og ef ekki fæst botn í málið þá er næsta skref að senda erindi til samstarfsnefndar skólans. Að sjálfsögðu er velkomio að leita til stéttarfélagsins þegar þörf krefur.

Stundatafla

Í kjarasamningi gr. 2.1.6.4 segir: „Fjöldi kennslustunda sem kennari tekur að sér við upphaf skólaárs/annar er bindandi til loka skólaárs/annar.“ Ekki er heimilt að breyta stundatöflunni eftir að kennsla er hafin. Það skiptir ekki máli þó að undirrituð vinnuskýrsla liggi ekki fyrir, það er stundataflan sem gildir sem staðfesting á vinnumagni kennarans. Skólinn verður því að greiða laun samkvæmt gildandi stundatöflu í upphafi annar og út alla önnina í áfangaskólum.

Að lokum langar mig að óska öllum félagsmönnum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs og minni á netfangið mitt ingibjorg@ki.is ef þið hafið einhverjar spurningar um þetta eða annað.

Ingibjörg Úlfarsdóttir
launafulltrúi KÍ



Ljósmynd: Steinunn Jónasdóttir

Félagsmenn!

Skoðið www.ki.is Þar eru rafræn umsóknar-eyðublöð, upplýsingar um sjóði og orlofsmál, afgreiðslutími skrifstofu, símanúmer og netföng, upplýsingar um skóla- og kjaramál, fréttir, lög, aðildar- og fagfélög og margt fleira gott og gagnlegt.



Hver er maðurinn?

Getraun um leikskólakennara

Þetta fólk kemur við sögu í bókinni sem kemur út 6. febrúar nk. Ef þið vitið hverjir þetta eru getið þið sent svarið fyrir **15. janúar** hingað: Skólavarðan – getraun, Laufásvegi 81, 101 Reykjavík.


Einn heppinn (og óragur að giska) svarandi fær bókina *Spor í sögu stéttar* í verðlaun.

1.

Hún sá blaðaauglýsingu í ágúst 1946 þar sem auglýst var eftir fólki sem vildi læra að annast börn og stjórna stofnun fyrir börn. „Ég vann hjá efnagerð þar sem var búið til súkkulaði og snyrtivörur og ýmislegt en það var vandræðaástand vegna kreppunnar. Allir vildu súkkulaði, en efnagerðin gat ekkert flutt inn til að búa það til þannig að vinnan var þeytandi. Þess vegna greip ég tækifærið og sótti um í skólanum.

2.

Hún bendir á að kvenfrelsisbaráttan sé ekki sjálfsprottin og hafi ekki magnast í tómarúmi. „Að mínu viti er hún meðal annars afleiðing af þörf hagkerfisins fyrir fleiri hendur og þeirri stefnu að það þurfi tvo til að vinna fyrir heimili. Verkefnum heimilisins hefur í æ ríkari mæli verið útvistað því það þjónar markaðshagkerfinu sem við búum við. Fæstir heimilisfeður gera við bíla, skipta sjálfir um þak eða lekar pípur.“



Fjarnámskeið

fyrir leik- og grunnskólakennara

Vorönn 2010

- **Mannauðsstjórnun í litlum stofnunum**
12. jan.-9. feb.
- **Microsoft Office 2007- Word, Excel, PowerPoint og Outlook**
13. jan.-10. feb.
- **Vefsíðugerð í Microsoft Expression Web.**
14. jan.-11. feb.
- **Viltu kynnst verkfærum í gullkistu Google?**
15. feb.-15. mars.

Námskeiðin eru einnig í boði í mars, apríl og maí.

Skráning á námskeið - <http://fjarkennsla.com>

fjarkennsla.com

Fjarkennsla.com – símenntun og ráðgjöf
www.simnet.is/samvil - samvil@simnet.is – 553 7768 – 898 7824

AUGLÝSING FRÁ UPPSTILLINGANEFND FL

Núverandi kjörtímabil kjörinna fulltrúa í stjórn, nefndir og ráð innan FL rennur út á aukaaðalfundi FL sem verður haldinn 30. apríl 2010. Uppstillinganefnd auglýsir eftir framboðum og/eða tilnefningum til trúnaðarstarfa bæði fyrir Félag leikskólakennara og nýtt Félag stjórnenda í leikskólum en í því félagi verða leikskólastjórar, aðstoðarleikskólastjórar og þeir sem starfa á fræðslu- og skólaskrifstofum. Mikilvægt er að félagsmenn ræði þær breytingar sem framundan eru hjá FL og séu reiðubúnir að taka virkan þátt í starfi síns félags.

Uppstillinganefnd hvetur félagsmenn til að gefa kost á sér til trúnaðarstarfa fyrir sitt stéttarfélag, hvort heldur sem er stjórnendafélagið eða kennarafélagið. Vakin skal athygli á að allir félagsmenn FL geta gefið kost á sér til trúnaðarstarfa fyrir sitt félag.

Á heimasíðu KÍ, á forsiðu FL undir auglýsingar eru allar nánari upplýsingar og m.a. hægt að lesa sér til um hlutverk stjórna og nefnda. Þar eru einnig eyðublöð vegna framboða.

Fyrir hönd uppstillinganefndar FL
Erla Stefanía Magnúsdóttir

Sveigjanleg einstaklingsmiðuð þjónusta



Ráðgjöf og þjónusta á einum og sama staðnum. Við aðstoðum með þjónustuna heim hvort sem hún er fyrir barnið, unglinginn, maka eða foreldri.

Einnig er boðið upp á námskeið og ráðgjöf fyrir einstaklinga á einhverfurófi.

www.vinun.is

Sími: 517-7168 & 820-5768

 **Vinun**
Ráðgjafar- & þjónustumiðstöð

Vefur Námsgagnastofnunar
www.nams.is
tengir saman nám og leik

Póstlisti

Við hvetjum alla sem hafa áhuga á því námsefni sem er í boði fyrir grunnskóla að skrá sig á póstlista Námsgagnastofnunar til að fá sendar tilkynningar um allt nýtt efni sem kemur út.

Vefur Námsgagnastofnunar er öllum opin. Á vefnum eru nærri 100 gagnvirkir vefir sem má finna á forsiðu **www.nams.is** undir Krakkasíðum og Unglingasíðum.



Gagnvirk efni Íslenska, danska, enska, stærðfræði, landafræði og náttúrufræði.

Efni vefjarins **www.nams.is** er gott að nota sem itarefni með almennu námsefni barna til heima-náms og tengja þannig saman nám og leik.



Námsgagnastofnun – Vikurharf 3 – 203 Kópavogur – netfang: upplýsingar@nams.is

Hlutverk siðareglna er fyrst og fremst að hvetja kennara til að bera virðingu fyrir starfi sínu og byggja upp fagvitund, sem mætti líka kalla kennarasamvisku.

Mikilvægt að hugsa og tala saman um siðareglur

Viðtal við Atla Harðarson formann Siðaráðs KÍ

„Siðferði býr í tilfinningum okkar, hátterni og því hvernig við sjáum hlutina,“ segir **Atli Harðarson** formaður hins nýstofnaða siðaráðs KÍ. „Þessa þætti herma menn hver eftir öðrum og innbyrða þá þannig. Ef kennarahópur gengur í gegnum nám eða starf þar sem rætt er um siðferðileg efni með réttu hugarfari, og sú umræða einkennist af gleði og góðvild, þá búa menn að því. Slíkt getur breytt okkur og bætt. Ég vona að minnsta kosti að menntun geti bætt fólk. Annars væri til lítils að standa í þessu öllu saman.“

Atli tók magisterspróf í heimspeki frá Brown University í Bandaríkjunum árið 1984, hann hefur starfað sem framhaldsskólakennari frá 1986 og verið skólastjórnandi undanfarin átta ár. Hann er höfundur nokkurra bóka um heimspekileg efni og nýjasta bók hans, *Í sátt við óvissuna*, kom út hjá Háskólaútgáfunni fyrr á þessu ári.

Siðferði er eins og móðurmál

„Þegar ég var í náminu var siðfræði ekki aðalviðfangsefni mitt,“ heldur Atli áfram, „það var heimspekisaga. Ég var á kafi í skruddum frá 17. og 18. öld - en auðvitað fjalla þær um siðfræði eins og önnur efni. Ég hef svo aðallega kennt tölvufræði en stundum

Siðfræði er ein besta leiðin til að tengja kennarastarfið við agaða fræðilega umræðum, sem hægt er að taka þátt í án þess að vera sérfræðingur á því sviði.

heimspeki, stærðfræði og fleira. Áhugi minn á kennarasiðfræði, eða fagsiðferði, byrjaði ekki sem fræðilegur áhugi heldur praktískur. Ég hef á ýmsan hátt komið að félagsmálum kennara og haft talsverðan áhuga á menntamálum stéttarinnar. Mér hefur þótt að þar vantaði umræðu um siðfræði og ég held að hún sé ein besta leiðin til að tengja kennarastarfið við agaða fræðilega umræðu sem hægt er að taka þátt í án þess að vera sérfræðingur á því sviði.

Siðfræði er sérstök fræðigrein að því leyti að þótt hún styðjist við gamla heimspekihefð og stundum séu notuð flókin heimspekileg hugtök þá fer umræðan að miklu leyti fram með orðum og hugtökum sem við lærðum á barnsaldri. Siðferði er eins og móðurmál, við lærum það án þess að okkur sé kennt það og kunnum öll mjög mikið í því þó að við kunnum ekki endilega allar málfræðireglur.

Siðfræðingar kenna okkur ekki hegðun frekar en málfræðingar kenna okkur að tala. Þessi samlíking gengur auðvitað bara að vissu marki, engum dytti í hug að bera saman íslenska og færeyska málfræði til að komast að því hvor er betri. En vel gæti verið að Færeyingur sem kæmi hingað hefði réttmætar ástæður til að setja út á eitthvað í ríkjandi siðferði hjá Íslendingum. Siðir eru að því leyti ólíkir málinu að þá er hægt að gagnrýna, en það væri mjög hallærislegt að halda því fram að eitt tungumál væri öðru fremra.

Ekki nógu vísindaleg

Áður var kennaramenntun að nokkru leyti menntun í siðfræði. Í bókinni *Uppeldismál, til leiðbeiningar barnakennurum og heimilum* frá 1919 sem er eftir fyrsta skólastjóra Kennaraskólans, Magnús Helgason, er vikið að þessu. Magnús sagði meðal annars: „Ög



Mynd: Atli Harðarsson – www.flickr.com/photos/atli

Það er viss rökleysishygga að enginn sannleikur sé til um mannleg verðmæti.

AUDMÝKT

Atla Harðarsyni er auðmýkt, hógvæð og hófsemi hugleikin. Hann skrifaði einu sinni grein um auðmýkt þar sem hann sagði meðal annars: [Auðmjúkur maður] skynjar eigin smæð og skoðar málin af nógu háum sjónarhóli til að hann sjái sjálfan sig sem lítinn hluta af allri tilverunni en þeim hrokafulla finnst að hann sjálfur sé miðja heimsins ... Ágústínus frá Hippó orðaði þetta svo að „með undraverðum hætti búi eitthvað í auðmýktinni sem upphafur hugann og í sjálfshafningunni eitthvað sem lítilþækkar hann.“ Sé þessi skilningur réttur fer því víðsfjarri að auðmýkt feli í sér rangt sjálfsmat eða skort á sjálfsvirðingu. Sá sem er auðmjúkur getur lagt algerlega raunsætt mat bæði á eigin verðleika og annarra. Sérstæða hans er í því fólgin að hann hefur meiri löngun til að hrósa öðrum en sjálfum sér og meiri áhuga á að leiðrétta sjálfan sig en aðra.

Þar sem æðsta mark og mið uppeldisins er að gera barnið að góðum manni, þá þarf að vita hvað manngæði eru. Það kennir siðfræðin. Þannig sýnir þá siðfræðin markmiðið en líkamsfræði og líffræði og sálfræði vísa leiðina. Uppeldisfræðin kennir hagnýtingu allra þessara fræða í uppeldinu.“

Þetta hygg ég að mjög margir fyrirrennar Magnúsar sem skrifuðu um menntamál á 19. öld hafi líka gert en svo komu aðrar áherslur um miðbik síðustu aldar. Menn fóru að óttast að siðfræði væri ekki alveg nógu vísindaleg í og með kannski vegna þess að margir álitu að um rétt og rangt eða gott og illt væri enginn hlutlægur sannleikur til.

Á þessum tíma voru hörð átök um hvert vestræn samfélag ættu að stefna. Pólitíkin einkenndist af frekar einstrengingslegri hugmyndafræði og ef til vill var það hluti af einhvers konar vopnahlésskilmálum andstöðra fylkinga að halda umfjöllun um siðfræði utan við skólakerfið. Menn óttuðust kannski að hún blandaðist saman við umdeildar stjórnmálaskoðanir. Samt voru flestir líklega mikið til sammála um undirstöðuatriði siðferðis eins og hjálpssemi, heiðarleika og fleira.

Nú er þetta aftur að breytast í alþjóðlegri umræðu um kennaramenntun. Við tökum upp þráðinn frá Magnúsi Helgasyni og félögum sem voru ófeminnir við að leggja siðfræði og félagsvísindi að jöfnu sem undirstöður uppeldisfræði og kennaranáms. Ef við lítum okkur enn nær í tíma og rúmi þá hugsa ég að hrúnið hafi ef til vill haft þau áhrif að menn séu móttækilegri fyrir umræðu um gildi og hvað skiptir máli í lífinu heldur en fyrir tveimur árum.

Fjarstæða frá sjónarhóli daglegs lífs

Kennsla í siðfræði er frekar lítil í kennaramenntun. Hún kemur þó inn í lífsleikni og eitthvað víðar en mætti vera meiri. Sagan um hvernig siðfræði kemur inn í uppeldis-

og kennslufræði er hluti af miklu stærri hugmyndasögu. Sú vísindaheimspeki sem var ríkjandi lengst af tuttugustu öld gerði ráð fyrir því að sönn vísindi væru ekki gildishlaðin heldur með einhverjum hætti hlutlaus um gott og illt, rétt og rangt. Auðvitað var þetta að vissu leyti blekking, læknisfræðin hefur til dæmis aldrei verið hlutlaus um hvað er gott eða slæmt fyrir fólk. En umræðan var á þessum nótum. Kennaradeildir höfðu varla sjálfstraust til að standa gegn þessari tísku og empírísk vísindi, eins og félagsfræði og sálfræði, urðu burðarásar í kennaramenntun.

Ég geri ekki lítið úr þessum greinum, síður en svo, en ég held að siðfræði eigi að vera þarna líka. Þeim fer fækkandi sem trúa bókstaflega á vísindaheimspeki frá því um og fyrir miðbik tuttugustu aldar og það er jafnvel orðið kennslubókaratriði að sumt af henni séu ekki fín fræði. Allmargir formálar byrja til dæmis á skömmum út í pósitívismann. Sumir talsmenn hans gerðu ráð fyrir að reglur um hvað væri gott fyrir fólk væru enginn sannleikur. Póstmóðernistar endurtaka margir hverjir svipaða hugsun og við sjáum þetta líka í sumum heimspekiskólum sem voru mjög áhrifamiklir á tuttugustu öld, eins og í frönsku tilvistarspekinni.

Það er viss rökleysishygga að enginn sannleikur sé til um mannleg verðmæti. Margir eru að vísu jákvæðir í garð þessarar hugsunar og finnst hún passa við sína heimsmynd en þegar við erum komin inn á einhvern vettvang, hvort sem við erum heilbrigðisstarfsfólk að sinna sjúklingum eða kennarar að aðstoða börn og unglinga, þá þælum við í því: Er þetta gott fyrir hana eða hann? Þá er sú hugmynd að ekki sé til neinn sannleikur um siðferði algjörlega fjarstæðukennd. Þegar við hjálpum krakka sem hefur lent í einelti þá er sú hugsun að enginn sé sannleikur til um hvort það sé gott eða vont að lenda í einelti algjört rugl. Þessi heimspeki er fjarstæða frá sjónarhóli daglegs lífs.“

Síðaráð

Síðaráð er ný stofnun í Kennarasambandinu og frekar ómótuð. „Við erum þrjú í ráðinu,“ upplýsir Atli, „og ég er fulltrúi framhaldsskólástigs, Linda Ósk Sigurðardóttir er fulltrúi leikskólástigs og Jóhannes Skúlason grunn-skólástigs. Við höfum fundað nokkrum sinnum og það er tvennt sem við höfum ákveðið að ýta af stað. Annars vegar samræðu við Menntavísindasvið Háskóla Íslands um möguleika á því að kynna siðareglurnar fyrir kennaranemum. Ég hef mikinn áhuga á að þeir fái slíka kynningu og siðfræðikennslu í tengslum við hana. Svo höfum við rætt um leiðir til að kynna siðareglurnar fyrir félagsmönnum. Þær eru auðvitað lítils virði ef þær eru ekki vel kynntar. Hlutverk þeirra er fyrst og fremst að hvetja kennara til að bera virðingu fyrir starfi sínu og byggja upp fagvitund, sem mætti líka kalla kennarasamvisku.

Kennarasamviska

Kennarasamviska er orð sem nær ágætlega að tjá þau áhrif sem siðareglurnar eiga að hafa. Það er tilhneiging til þess í okkar samfélagi sem einkennist af skriffinnsku og ákveðinni rökhyggju að líta svo á að siðferði heilar fagstéttar geti að öllu leyti verið fólgið í fáeinum reglum. Þetta er álíka blekking og að halda að hæfileiki okkar til að tala sé fólgin í því að geta beitt málfræðireglum. En um leið og við hugsum málið komumst við að því að við getum ekki lært eina einustu málfræðireglu fyrr en við höfum lært að tala. Reglurnar minna okkur á nokkra hluti í þessum miklu stærri veruleika sem er erfitt að fanga algerlega í eitthvert regluverk.

Við höfum einhvers konar samvisku, eða tilfinningu fyrir siðferði, og við notum ekki reglur til þess að búa þessa tilfinningu til heldur til þess að gagnrýna hana, skilja eða leiðrétta. Við komumst ekki í gegnum daginn á siðareglum en ef við erum í vafa um það eftir



Að láta sér annt um menntun og þroska fólks, að telja sig skyldugan til að vera umhyggjusamur og hafa áhuga á og hlusta á hvern einstakling er innbyggt í það að vera kennari.

Á að við höfum farið rétt að þá eru siðareglur leið til að ræða það. Svo ég útfæri þetta aðeins nánar þá eru siðareglurnar heppileg leið til að ræða um endurbætur á starfinu, tilgang þess og um þau gildi sem við þjónum sem kennarar. Það eru ýmis séreinkenni á siðferði kennarastéttarinnar - af því að við erum kennarar. Siðareglurnar eru leið til þess að byggja upp vitund um þetta og rökræða um það. Að láta sér annt um menntun og þroska fólks, að telja sig skyldugan til að vera umhyggjusamur og hafa áhuga á og hlusta á hvern einstakling er innbyggt í það að vera kennari.

Rétt og rangt er ekki geðþóttaákvörðun

Við í siðaráði viljum efla umræðu um kennara-siðferði og siðareglurnar með ýmsum hætti, svo sem að koma inn á fundi hjá aðildarfé-lögum og stjórn Kennarasambandsins. Forystumenn, trúnaðarmenn og fulltrúar í skóla-málanefndum eru þá minntir á reglurnar og geta hafið umræðuna um hlutverk þeirra og hvernig þær geta orðið til góðs fyrir skólasamfélagið - og þar með samfélagið allt.

Það kennarasiðferði sem ég vil tala um á vettvangi siðaráðs er siðferði sem stendur báðum fótum í veruleikanum. Og þar er til gott og illt, rétt og rangt. Ég held að ekki sé heppilegt fyrir okkur að líta svo á að siðareglur kennara séu eitthvað sem við tökum ákvörðun um. Við finnum út hvernig rétt er að hafa siðareglurnar, hvaða reglur endurspegla best gildi starfsins.

Ef við gagnrýnum siðareglur kennara þá gerum við það með það fyrir augum að finna réttari reglur en ekki til að taka ákvörðun sem okkur líkar betur við í það skiptið.

Hversdagslegt og torskilið

Það er merkilegt með siðferði að stór hluti siðferðilegrar þekkingar er það hversdags-legasta af öllu hversdagslegu. En sumt í sam-bandi við siðferði er samt ofboðslega erfitt að skilja. Ef við ætlum að þróa siðareglur þá er það ekki auðvelt og gæti tekið langan tíma. Ég held reyndar að reglurnar okkar séu býsna góðar, ég hef grun um að það mætti bæta í þær en hef ekki fullmótað skoðanir mínar á þessu. Ég held að menn ættu að ganga

til þessarar umræðu vitandi að verkefnið er erfitt.

Við þurfum að vara okkur á nokkrum hættum í samræðu um siðareglur. Ein hættan er að missa sig í dómhörku og nota reglurnar eins og refsivönd. Önnur hættan er að verða allt of heilög þannig að umræðan verði hafin yfir daglegt líf og við förum að nota óskaplega falleg orð en gleymum að vera hóflega gagnrýnin og efagjörn. Það er mjög auðvelt að tala um gildi eins og jafnrétti í upphöfnum tóni en það er ekki alltaf sjálfgefið hvernig á að vinna í anda jafnréttis, til dæmis í hóp þar sem nær eingöngu er töluð íslenska og allir skilja hana nema tveir. Sá sem talar fegurstu orðin um jafnrétti er ekki endilega nær því en við hin. Þössum okkur á að umræða um kennarasiðferði verði ekki loftbarnar yfirlýsingar og fögur orð heldur sé hægt að tengja hana praktískum vandamálum sem fólk stendur frammi fyrir.

keg

Viltu gleðipjálfun í skólann?

Marta Eiríksdóttir er grunnskólakennari að mennt, hún kallar sig líka *gleðipjálfa* og starfrækir fyrirtækið *Púlsinn-námskeið*. Marta vinnur markvisst á öllum skólastigum, kemur inn á starfsdegi í hálfan eða heilan dag og hristir starfsmenn saman í dagskrá sem hún kallar gleðipjálfun. Marta hefur í gegnum tíðina einbeitt sér að því að skapa létt og skemmtilegt andrúmsloft svo að þátt-takendur læri á meðan þeir leika sér. Hópefli er eitt af sérgreinum hennar, hún hefur kennt leiklist um langa hríð og hefur reynslu af því að hvetja til jákvæðra samskipta og stuðla að því að þátttakendur nái vel saman og afreki nýja hluti. „Gleðipjálfun gengur út á að skapa skemmtilegt andrúmsloft á vinnu-staðnum,“ segir Marta, „virkja starfsmenn í gegnum ýmis skapandi verkefni þar sem gleði er útgangspunktur. Þegar leiðtogunum



líður vel, kennurum og skólastjórnendum, verður andrúmsloftið betra í skólastarfinu og frjórri og hamingjuríkari jarðvegur fyrir nám. Gleðipjálfun er markviss og öflug og þetta er skemmtilegt vinnunámskeið. Farið verður í leiklist, léttu hreyfingu með tónlist, hláturjoga, söng og slökun. Þeim sem hafa áhuga á að fá Púlsinn námskeið á nýju ári, er bent á heimasíðuna www.pulsinn.is. Bókanir eru þegar hafnar en námskeiðin hefjast 4. janúar 2010.



Marta Eiríksdóttir

Streita og vanlíðan á vinnustað

Í vinnuumhverfisbólu desembermánaðar, sem er á www.ki.is í heild, er fjallað um streitu og aðgerðir á vinnustöðum til að koma í veg fyrir hana og styðja þá sem glíma við streitu. Talið er að um þriðjungur kennara líði af völdum streitu og/eða kulnunar í starfi.

Í íslenskri rannsókn frá árinu 2006 sögðust 27% starfsmanna búa við vinnustreitu og 42% hafa of mikið að gera í vinnunni. Streita og vanlíðan starfsfólks hefur áhrif á vinnustaðinn í heild, gerir stjórnendum erfiðara um vik og hefur áhrif á einstaka starfsmenn, líðan þeirra og vinnuframlag.

Of mikið álag getur leitt til aukinna fjarvasta, meiri starfsmannaveltu, verri árangurs, óánægju þeirra sem njóta þjónustu vinnustaðarins, (ef skóli, þá nemenda og foreldra) og verri ímyndar. Fyrir starfsmann geta afleiðingar álags og streitu meðal annars verið einbeitingarskortur, verkkvíði, þreyta og svefntruflanir. Auk þess geta komið fram ýmis líkamleg einkenni eins og bak- og meltingarvandamál, magasár, háþrýstingur og veikt ónæmiskerfi.

Álags- og streitustjórnun þarf að vera á vinnustaðnum. Ekki má einblína á lausnir sem einstaklingur þarf að sinna heldur einnig hugsa um vinnustaðinn sjálfan og skipulag hans. Þannig má draga úr líkum á að starfsfólk upplifi streitu og álag í vinnunni.

Metum stöðuna

Fyrst af öllu þarf að átta sig á hvaða þættir í vinnuumhverfinu eða skipulaginu valda álagi og til þess má meðal annars nota vinnuumhverfisvísi Vinnueftirlitsins um félagslegan og andlegan aðbúnað á vinnustað. Slóðin er vinnueftirlit.is/vinnueftirlit/upload/files/vinnuumhverfisvisar_og_gatlistar/visafe01_felagsl_andl_adbun.pdf


Auk þess er hægt að spyrja starfsfólk um líðan í vinnu. Ekki er ráðlegt að spyrja beint hvort viðkomandi sé „stressaður“ heldur frekar að leita eftir þáttum í starfinu og vinnuumhverfinu sem valda álagi. Biðja starfsfólk um að nefna jákvæða og neikvæða þætti vinnunnar, spyrja um álag, athafnafrelsi, samskipti, vinnutilhögun, stuðning og stjórnun ásamt samspili vinnu og einkalífs.

Að lokum má fylgjast með veikindafjarvistum, starfsmannaveltu, frammistöðu, slysum og mistökum og reyna að sjá og skýra mynstur og breytingar.

Tökum á málinu

Lýðheilsustöð mælir með eftirfarandi aðgerðum til að lágmarka streitu á vinnustöðum:

Breytingar á skipulagi vinnunnar: Laga kröfur að fólkinu sem vinnur störf. Sjá til þess að starfsfólk hafi næga þekkingu og færni. Veita starfsfólki meiri sjálfsstjórn. Veita starfsfólki stuðning, hvetja til samvinnu og meiri samskipta starfsfólks.



Of mikið álag getur leitt til aukinna fjarvasta, meiri starfsmannaveltu, verri árangurs, óánægju þeirra sem njóta þjónustu vinnustaðarins og verri ímyndar. Fyrir starfsmann geta afleiðingar álags og streitu meðal annars verið einbeitingarskortur, verkkvíði, þreyta og svefntruflanir. Auk þess geta komið fram ýmis líkamleg einkenni eins og bak- og meltingarvandamál, magasár, háþrýstingur og veikt ónæmiskerfi.



Þjálfun í streitustjórnun: Bjóða upp á fræðslu um einkenni og afleiðingar streitu og hafa námskeið í slökun, tímastjórnun og markmiðasetningu. Styðja fólk til að stunda hreyfingu.

Vinnuvistfræðilegir þættir: Bæta aðbúnað. Dragast úr hávaða, tryggja gott inni loft, bæta búnað og draga úr óvæntum truflunum.

Fræðsla og þjálfun stjórnenda um streitu og í leiðtoga- og samskiptafærni ásamt því hvernig megi leysa úr ágreiningi á árangursríkan hátt.

Þróun vinnustaðarins: Taka upp betri vinnuferla og stjórnunarhætti. Byggja upp vinnustaðamenningu sem er vinsamleg, hvetjandi og styðjandi. Virkja starfsmenn í að finna leiðir til að ná þeim árangri sem stefnt er að.

Sérstakar aðstæður

Mikilvægt er að stjórnendur gefi starfsmön-

um sem glíma við sérstaklega mikið álag eða erfiðleika, í vinnu eða einkalífi, kost á að fá ráðgjöf hjá fagaðilum. Í slíkum tilfellum er meðal annars hægt að benda á Sjúkrasjóð KÍ sem styrkir kennara og stjórnendur til að sækja sér aðstoð ýmissa fagaðila. Sjá úthlutunarreglur sjóðsins á ki.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=7976

Hafa ber skýrt verklag um hvernig bregðast skuli við slíkum aðstæðum því of algengt er að starfsfólk fái mismikinn stuðning eftir því hvort álagið leiðir til andlegra eða líkamlegra veikinda. Starfsmaður sem fær brjóslos á í flestum tilfellum auðvelt með að fá greiningu á sínum vanda, veikindadaga og skilning frá vinnufélögum þegar hann kemur til baka. Því miður er slíkt ekki alltaf tilfellið þegar um er að ræða andlega kvilla svo sem þunglyndi. Fordæst skal að mismuna fólki eftir sjúkdómum en veita samskonar stuðning í öllum tilfellum.

Sjá nánar á www.ki.is



Kristín Loftsdóttir

Bókin Negrastrákarnir og fjölbreytileiki á Íslandi

Fyrri hluti

Á síðastliðnum áratug hefur íslenskt samfélag orðið mun fjölbreyttara en áður með vaxandi fjölda einstaklinga af erlendum uppruna sem hluta af landi og þjóð. Einstaklingar frá öðrum löndum hafa sest að á Íslandi og ættleiddum börnum fjölga. Oft má heyra vísað til Íslands sem fjölmenningslegs samfélags og hve mikilvæg fjölmennning sé til að auðga land og þjóð. Samhliða má þó heyra raddir sem gagnrýna fjölmenningarlegar áherslur. Þessar öru breytingar á samfélaginu kalla á aukinn skilning á hvaða merkingu ólíkir einstaklingar leggja í fjölmenningarlegt samfélag og hvernig þeir skilja fordóma og virðingu.

Verkefnið *Fordómar og virðing í íslensku samfélagi* fékk styrk frá Þróunarsjóði innflytjendamála fyrir árið 2009 til að kanna hugmyndir um fordóma og fjölmenningarlegt samfélag á Íslandi. Í því tilliti eru skoðaðar deilurnar sem urðu haustið 2007 um endurútgáfu bókarinnar *Negrastrákarnir* og rannsakað hvernig þær endurspeglar hugmyndir um virðingu, fordóma og umburðarlyndi í íslensku samfélagi. Í takt við áherslur fræðimanna síðastliðin ár¹ er í verkefninu litið á kynþáttafordóma í tengslum við aðra fordóma, svo sem tengda kynhneigð, kyni og trúarbrögðum. Hvernig skilgreina einstaklingar fordóma? Þarf eða á

NÝJAR RANNSÓKNIR

Fordómar og virðing í íslensku samfélagi

Megininntak: Að kanna hugmyndir um fordóma og fjölmenningarlegt samfélag á Íslandi.

Leikskólakennarar og grunnskólakennarar sitja í rýnihópum ásamt starfsfólki í bókabúðum og fólki af erlendum uppruna.

Niðurstöður verða birtar í síðari hluta greinarinnar.

að taka tillit til ákveðinna hópa, til dæmis hvað varðar grín, orðanotkun og myndbirtningar, í samfélagi sem kallar sig fjölmenningarlegt? Í hverju á virðing fyrir ólífri menningu að felast? Hvenær á hugtakið pólitísk réttshugsun við og hvenær ekki? Hafa kynþáttafordómar verið hluti af íslenskum veruleika eða eru þeir eitthvað nýtt?

Rannsóknin felur í sér textagreiningu og viðtöl. Megin gagnasöfnun fór fram árið 2009 eins og fyrr var sagt en einhverjum hluta gagna var þó safnað í lok árs 2008. Greindur var texti blaðagreina, sjónvarpsefnis og bloggskrifta frá þeim tíma sem umræður um endurútgáfu bókarinnar stóðu sem hæst. Mikil umræða um útgáfuna fór fram í bloggheimum og er hún skoðuð sérstaklega í rannsókninni.

Alls hefur verið safnað 101 blogg færslu sem og athugasemdum við færslurnar. Fræðimenn hafa bent á að blogg færslur fela í sér viðtæk samræður við samfélagið þar sem einstaklingar skapa og kynna sjálfsmynd sína.² Í þeim umræðum sem spunnust á blogginu spurðu margir hvort bókin ætti heima í fjölmenningarlegu samfélagi nútímans. Aðrir töldu að bókin fæli ekki sér neina fordóma og höfðu sumir þeirra áhyggjur af að hér væri um tilraun til ritskoðunar að ræða.

Viðtöl hafa verið tekin við fjölbreyttan hóp einstaklinga, bæði þá sem fæddir eru og uppaldir á Íslandi og fólki af erlendum uppruna með fjölpættan bakgrunn. Tekin eru rýnihópa viðtöl og einstaklingsviðtöl. Við afmörkun á rýnihópum var haft í huga að um er að ræða barnabók, enda mátti sjá á blogginu að um-

Hvenær á hugtakið pólitísk réttshugsun við og hvenær ekki? Hafa kynþáttafordómar verið hluti af íslenskum veruleika eða eru þeir eitthvað nýtt?

ræður snerust oft um fordóma í tengslum við börn og barnauppleði. Foreldrar barna af erlendum uppruna óskuðu einnig sérstaklega eftir að bókin yrði ekki höfð aðgengileg á skóla- og leikskólabókasöfnum. Því var lögð áhersla á það í rannsókninni að tveir rýnihópar (af fjórum) væru annars vegar skipaðir grunnskólakennurum og hins vegar leikskólakennurum.

Aðrar rannsóknir mínar á fordómum og kynþáttahyggju hafa snúið að birtingarmyndum fjölmennningar í námsbókum og aðalnámskrá, sem og að skoða hugmyndir um litahátt í eldri og nýrri námsbókum³. Það verður því áhugavert að tengja umræðuna hér við niðurstöður fyrri rannsókna. Þriðji rýnihópurinn samanstóð af starfsfólki bókavarslana sem sagði bæði sína persónulegu skoðun á bókinni og veitti upplýsingar um viðtökur hennar og umræður um hana í bókabúðum þegar hún var gefin út. Fjórdi rýnihópurinn samanstóð svo af einstaklingum af erlendum uppruna, flestir frá Evrópu og Norður-Ameríku. Þeir fjölluðu bæði um hvernig umræðan um endur-útgáfuna kom þeim fyrir sjónir og reynslu sína af viðhorfi Íslendinga til fólks af erlendum uppruna.

Einstaklingsviðtölin hafa verið afmörkuð við tvo hópa. Annars vegar einstaklinga frá ýmiss konar stofnunum og samtökum sem dýpka upplýsingar um útgáfu bókarinnar eða viðbrögð við henni, svo sem bókaútfendur, bókasafnsstarfsmenn og fulltrúar félagsamtaka sem berjast gegn fordómum. Hins vegar eru einstaklingar sem eiga börn með dökkan litahátt eða eru sjálfir dökkir á höfund. Rannsóknin leitar því eftir að tengja viðhorf þessara einstaklinga af bókinni við upplifun þeirra af fjölmennningarlegu samfélagi á Íslandi. Tekin hafa verið fjórtán einstaklingsviðtöl sem kalla fram dýpri og persónulegri sýn á þau flóknu mál sem fjallað er um. Viðtöl



við rýnihópa og einstaklinga eru í trúnaði og í miðlun niðurstaðna verður ekki hægt að greina við hvaða einstaklinga var rætt nema í tilfellum þar sem þeir óska eftir að koma fram sem fulltrúar samtaka eða hópa.

Niðurstöður rannsóknarinnar verða settar í sögulegt samhengi við viðhorf Íslendinga til fjölbreytileika og er bókin sjálf kjörið tækifæri til að skoða sögulegar breytingar og samfelli hugmynda um kynþætti. Vísan um negrastrákana er talin upprunnin árið 1864 og var viðfangsefnið þá indíánastrákar, hún hefur verið útgefin og staðfærð í ólíkum löndum á mismunandi tímum. Hér á landi var bókin myndskreytt af Guðmundi Thorsteinsyni, eða Mugg, og vísurnar þýddar af mági hans Gunnari Egilssyni. Hún kom fyrst út árið 1922 hér á landi og var endurútgefin margfalt eftir það, kvæðin urðu vinsæl á jólaþlötum og oft sungin á jólasemmtunum í grunnskólum. Nokkrir viðmælendur í rýnihópum hafa einmitt rifjað upp kynni sín af bókinni í leikritum fyrir á tímum og að syngja lögin á jólasemmtunum sem börn.

Umræða um fjölmennningarlegt samfélag á Íslandi virðist oft vera einskorðuð við fólk af

erlendum uppruna, rétt eins og fjölmennning snúi eingöngu að minnihlutahópum. Það er mikilvægt að leggja áherslu á að umræða um fjölmennningarlegt samfélag verður líka að snúa að þeim sem eru í meirihluta og fjölbreytileika þess hóps. Rannsóknin reynir jafnframt að bregðast við skorti á fræðilegum rannsóknum á fordómum í íslensku samhengi. Hún reynir að draga fram túlkun ólíkra hópa á fordómum og kortleggja sum af þeim mikilvægu málefnum sem tekist er á um í íslensku samfélagi.

Kristín Loftsdóttir

Höfundur er prófessor í mannfræði við Háskóla Íslands.

¹ Harrison, F. V. 2002. "Unraveling "Race" for the Twentieth-Century," in *Excotic No More: Anthropology on the Front Lines*. Edited by J. MacClancy, pp. 145-166. Chicago and London: University of Chicago Press.

² Havern, Vincent W. (2004) *Threaded Identity in Cyberspace: Weblogs and Positioning in the Dialogical Self*. *Identity: An International Journal of Theory and Research*, 4(4):321-335.

³ Til dæmis: Kristín Loftsdóttir. 2007. *Hin mörgu andlit Íslands: Framandleiki og fjölmennning í námsbókum. Netla - vettímarit um uppleði og menntun*. Kristín Loftsdóttir. 2005. Menntaðar og villtar þjóðir: Afrika í texta íslenskra námsbóka. *Uppleði og menntun* 14:71-101.

FRÁ VERKEFNA- OG NÁMSSTYRKJASJÓÐI FG OG SÍ

Hækkun styrkja

Ágætu félagsmenn

Stjórn verkefna- og námsstyrkjasjóðs FG og SÍ hefur ákveðið að hækka eftirfarandi styrki. Hækkunin tekur gildi 1. janúar 2010.

- A hluti – Starfsmenntunastyrkur hækkar úr kr. 120.000 í kr. 145.000 á tveggja ára tímabili. Heimild til að bæta við viðmiðunartölur vegna dýrari fargjalda á námskeið/ráðstefnur/kynnisferðir utan Evrópu hækkar úr kr. 15.000 í kr. 30.000.
- C hluti – Hópstyrkir vegna náms- og kynnisferða skóla/stofnana hækkar úr kr. 70.000 í kr. 95.000.

Bestu kveðjur,
Bergþóra Þorsteinsdóttir, formaður
Verkefna- og námsstyrkjasjóðs FG og SÍ

Gjöld félagsmanna til KÍ lækka um þriðjung

Stjórn KÍ ákvað á fundi sínum þann 20. nóvember sl. lækkan félagsgjalds til Kennarasambands Íslands. Þannig mun félagsgjald til KÍ lækka frá og með 1. janúar 2010 úr 1,55% af grunllaunum niður í 1%. Ákvörðun gildir fram að næsta þingi KÍ sem haldið verður í apríl 2011.

Þessi ákvörðun er tekin á grundvelli endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar þar sem lagt var upp með að gæta ýtrasta aðhalds í rekstri. Fjárhagsleg staða félags- og vinnudeilusjóðs KÍ er sterk þar sem rekstur Kennarasambandsins hefur verið með þeim hætti að hægt hefur verið að leggja fyrir fjármuni til að eiga fyrir óvæntum útgjöldum.

Stjórn KÍ væntir þess að ákvörðunin komi sér vel fyrir félagsmenn þar sem hver króna skiptir miklu máli í rekstri heimila um þessar mundir.

Jólamyndagáta Skólavörðunnar

Skrifið lausnina ásamt nafni og heimilisfangi og sendið á neðangreint heimilisfang fyrir 31. desember:

Skólavörðan – jólamyndagáta, Laufásvegi 81, 101 Reykjavík.

Bókaverðlaun!





Geymið auglýsinguna

Comenius styrkir 2010

Endurmenntun kennara: Landskrifstofa Menntaáætlunar ESB / alþjóðaskrifstofa háskólastigsins styrkir kennara á leik, grunn- og framhaldsskólastigi til endurmenntunar í sínu fagi í 1-6 vikur. Einnig er hægt að fara og fylgjast með kennslustarfi í evrópskum skólum. Styrkir eru að meðaltali um 1750€ fyrir eina viku. Umsóknarfrestir eru ófrávíkjanklegir:

15. janúar fyrir námskeið eftir 1. maí

30. apríl fyrir námskeið eftir 1. september

15. september fyrir námskeið eftir 1. janúar 2011

Comeniusarverkefni Umsóknarfrestur vegna Comeniusarskólaverkefna og nemendaskiptaverkefna. Meðaltalsstyrkur er um 15.000 evrur fyrir 12 ferðir á 2 árum. Umsóknarfrestur er 19. febrúar 2010

Comenius Regio Nýtt í Comeníusi, tveggja landa samstarf, 3 stofnanir vinna saman frá hvoru landi. Verkefni sem tengja skóla og skólaskrifstofur og félög tengd þeim. Meðaltalsstyrkur er 20-25000€. Umsóknarfrestur er til 19 febrúar 2010.

Comenius aðstoðarkennsla. Kjörið tækifæri fyrir kennara til að sækja um að fá aðstoðarkennara frá Evrópu í 3-8 mánuði og verðandi kennara til að fara utan í 3-8 mánuði. Aðstoðarkennarar eru styrktir frá sínu heimalandi. Aðstoð getur nýst í flestum fögum á leik-, grunn- og framhaldsskólastigi. Umsóknarfrestur er til 29. janúar 2010.

Comenius fjölþjóðleg verkefni – stærri verkefni sem sótt er um beint til framkvæmdastjórnar ESB. Verkefni fjalli um námsefnisgerð eða þjálfun kennara. Athugið að möguleiki er á að vinna með löndum utan Evrópu. Umsóknarfrestur er til 31. mars 2010

Umsóknir verða á netinu - Nánari upplýsingar veita Þorgerður 525 5853 teva@hi.is og Ragnhildur 525 5813 rz@hi.is, Landskrifstofa Menntaáætlunar ESB, Háskólatorgi, 101 Reykjavík. www.comenius.is

Samrekstur leik-, grunn- og tónlistarskóla

Með nýjum lögum frá 2008 var heimilað í 45. gr. grunnskólalaga og 28. gr. leikskólalaga að samreka leik-, grunn- og tónlistarskóla. SÍ og FL fóru strax haustið 2008 fram á viðræður við LN (launanefnd sveitarfélaga) um kjör stjórnenda samrekins skóla.

Viðræður fóru ekki í gang fyrr en í mars sl. og var þá rætt um að annars vegar yrði gert samkomulag í samstarfsnefndum LN og félaganna um kjör stjórnenda og hins vegar yrðu gefnar út leiðbeiningar fyrir rekstraraðila vegna samreksturs leik-, grunn- og tónlistarskóla. Málinu var ekki lokið fyrir sumarleyfi en var tekið upp aftur strax að þeim loknum.

Samkomulag var undirritað 20. ágúst

Rétt er að taka fram að hér er um að ræða samhljóða samkomulag sem gert er í samstarfsnefnd LN og SÍ annars vegar og LN og FL hins vegar. Samkomulagið var undirritað 20. ágúst sl. og staðfesti stjórn SÍ það fyrir sitt leyti á fundi 24. ágúst, jafnframt lágu þá fyrir áður nefndar leiðbeiningar fyrir rekstraraðila sem Samband ísl. sveitarfélaga gefur út í sínu nafni. Samkomulagið var síðan staðfest ásamt leiðbeiningunum á fundi LN29. sept. sl. en gildistími er frá 1. ágúst 2009.

Um skólastjóra segir í samkomulaginu að ákveði sveitarstjórn að reka saman grunnskóla og leikskóla skuli laun skólastjóra, sem er félagsmaður í SÍ, hækka sem hér segir:

Fjöldi leikskólabarnaLaunaflokkar

1-30	3
31 og fleiri	4

Ákveði sveitarstjórn að reka saman grunnskóla og tónlistarskóla skal skólastjóri raðast tveimur launaflokkum ofar en ella.

Eini munurinn á félögum er að bil milli launaflokka hjá SÍ er helmingi meira en hjá FL og fékk FL því tvöfalt fleiri launaflokka.

Við lögðum mikla áherslu á að tekið yrði á kennsluskyldu stjórnenda í samreknum skólum og vildum að aðilar semdu um hana heima í héraði. Því var alfarið hafnað en að lokum fengum við þó inn svohljóðandi setningu sem opnar á þetta: „Sveitarstjórn er heimilt að minnka kennsluskyldu skólastjóra í samreknum skólum til samræmis við aukið stjórnunarumfang.“

Við vildum fá inn sérstaka grein um laun og kennsluskyldu annarra stjórnenda en það tókst því miður ekki. Það verður að viðurkennast að mjög erfitt er að ætla að taka miðlægt á því þar sem skipulag á samrekstri er sjálfsagt eins misjafnt og skólarnir eru margir. Því lögðum við til að þetta yrði gert



Jón Ingi Einarsson framkvæmdastjóri Skólastjórafélags Íslands segir frá samrekstri skóla á grundvelli lagagreina í nýlegum lögum. Nú þegar hefur samrekstur komist til framkvæmda í nokkrum sveitarfélögum en undirbúningur hefur verið mjög handahófskenndur og leiðbeiningum um hvernig skuli staðið að málum ekki fylgt.

með launaflokkum sem rynnu til skólans og mynduðu pott, svipað og gert er vegna lengdrar viðveru.

Þetta var ekki samþykkt en að lokum fengum við þó inn grein um aðra stjórnendur sem er heimildarákvæði um að kjör þeirra megi endurskoða: „Sveitarstjórn getur veitt skólastjóra heimild til að endurskoða grunnröðun launa og verkefni þess millistjórnanda sem sannarlega hefur auknum starfskyldum að gegna vegna samreksturs skóla.“

Einnig var ákveðið að setja inn í samkomulagið svohljóðandi endurskoðunarákvæði: „Samstarfsnefnd skal afla upplýsinga um framkvæmd samreksturs skóla og taka samkomulagið til endurskoðunar fyrir 30. nóvember 2010.“

Nokkur sveitarfélög hófu samrekstur

Á síðasta skólaári ruku nokkur sveitarfélög til og ákváðu að samreka leik-, grunn- og tón-

listarskóla. Mjög handahófskennt var hvernig menn undirbyggðu þennan samrekstur. Stærsti hvatinn hefur sjálfsagt verið að menn töldu að með þessu mætti spara í rekstri, en fræðimenn telja víst mjög hæpið að hafa það sem aðalmarkmið við sameiningu stofnana. Þessi handahófskenndu vinnubrögð höfðu að sjálfsögðu í för með sér ýmsa árekstra sem hægt hefði verið að komast hjá ef vandað hefði verið til undirbúnings.

Samhliða því að semja um kjör stjórnenda í samreknum skólum voru unnar leiðbeiningar fyrir rekstraraðila um samrekstur leik-, grunn- og tónlistarskóla.

Leiðbeiningar eru til en það þarf að fara eftir þeim

Samband íslenskra sveitarfélaga gerði síðan leiðbeiningarnar að sínum og gaf þær út í sínu nafni. Ég tel þessar leiðbeiningar vera eitt það besta sem kom út úr samningaviðræðunum,

Áður en hafist er handa við undirbúning samreksturs skóla er nauðsynlegt að skilgreina, hvaða ávinningi stefnt er að. Þegar ákvörðun er tekin um samrekstur er mikilvægt að hafa gott samráð við foreldra og starfsmenn skólanna, m.a. í gegnum skólaráð grunnskóla og foreldraráð leikskóla. Sveitarstjórn/rekstraraðili skal tryggja að við ákvarðanatöku um samrekstur skóla liggi fyrir áætlun um skipulag samrekstursins og markmið. Tryggt skal að hagsmunir nemenda séu hafðir að leiðarljósi við skipulagninguna.

ef eftir þeim verður farið, en ég tel meiri líkur á því vegna þess að þær eru gefnar út í nafni sambandsins. Í leiðbeiningunum segir m.a.:

„Meginmarkmið þessara leiðbeininga er að auðvelda sveitarstjórnarmönnum og öðrum hagsmunaaðilum að meta kosti samreksturs og hvernig best er að undirbúa og koma á slíkum breytingum. Leiðbeiningarnar taka til faglegra og rekstrarlegra sjónarmiða sem og atriða í kjarasamningum LN við KÍ vegna SÍ annars vegar og FL hins vegar.

Ávinningur af samrekstri skóla getur m.a. verið samræmd fagleg uppbygging, aukin skilvirkni í stjórnun og hagræðing í rekstri.“

Þá segir þar: „Áður en hafist er handa við undirbúning samreksturs skóla er nauðsynlegt að skilgreina, hvaða ávinningi stefnt er að.

Þegar ákvörðun er tekin um samrekstur er mikilvægt að hafa gott samráð við foreldra og starfsmenn skólanna, m.a. í gegnum skólaráð grunnskóla og foreldraráð leikskóla.

Sveitarstjórn/rekstraraðili skal tryggja að við ákvarðanatöku um samrekstur skóla liggi fyrir áætlun um skipulag samrekstursins og markmið.

Tryggt skal að hagsmunir nemenda séu hafðir að leiðarljósi við skipulagninguna.“

Ef farið hefði verið eftir þessu hefði mátt losna við marga árekstra á síðasta skólaári.

Þá eru talin upp sjö atriði, sem menn þurfa að hafa sérstaklega í huga þegar þeir undirbúa samrekstur, en þau eru:

- Starfsmannamál
- Stjórnendur

- Skilgreint hlutverk stjórnenda
- Samstarf og samþætting milli skólastiga
- Skólaráð
- Möguleikar til hagræðingar
- Laun skólastjórnenda

Að lokum vil ég ítreka von mína um að horft verði til þessara leiðbeininga og farið eftir þeim. Sjálfsgagt getur samrekstur leitt góða hluti af sér en þá þarf að vanda undirbúning. Það má ekki rasa um ráð fram eins og ég er hræddur um að gert hafi verið í nokkrum sveitarfélögum á síðasta skólaári og skólalald jafnvel beðið tjón af.

Jón Ingi Einarsson

Höfundur er framkvæmdastjóri Skólastjóránélags Íslands.

NÁM Á FERÐ OG FLUGI

Farsímar í framhaldsskólanámi

Menntaskóli Borgarfjarðar, Fjölbautaskóli Snæfellinga og Síminn hafa gert með sér samkomulag um samvinnu og samstarf við að þróa notkun farsíma í námi og kennslu. Vinnuheitíð á verkefninu er „Nám á ferð og flugi“. Skrifað var undir samkomulagið föstudaginn 27. nóvember við hátíðlega athöfn í Menntaskóla Borgarfjarðar.

Undir samninginn skrifuðu Elín Þórunn Eiríksdóttir framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs fyrir hönd Símans, Ársæll Guðmundsson skólameistari fyrir hönd MB og Skúlína Hlíf Kjartansdóttir skólameistari fyrir hönd FSN. Megintilgangur með samstarfsverkefninu er að kanna með hvaða hætti hagkvæmt sé að nýta sér nútíma farsímatækni í námi og kennslu. Leitast verði við að kanna leiðir og þróa aðferðir, bæði kennslufræðilega og viðskiptafræðilega. Gert er ráð fyrir að verkefnið taki þrjú ár.

Skólarnir munu nýta sér farsímatækni við kennslu t.d. við útikennslu og söfnun gagna í raunvísindagreinum, s.s. náttúrufræði,

landafræði og jarðfræði en einnig á nýjum námsbrautum, s.s. í ferðamálafræðum. Kannaðir verði möguleikar á notkun farsíma í ýmsum greinum, s.s. tungumálum, bókmenntum, sagnfræði, samfélagsfræði og íþróttum. Stefnt verður að nýtingu farsíma í námi nemenda með fötlun og skerta námsgetu. Þetta verður gert þannig að safnað verður gagna með hjálp farsímatækni á vettvangi og þeim síðan komið fyrir í tölvum og á netinu. Teknar verða ljósmyndir, myndbönd og hljóð með farsímum. Hugmyndin er síðan sú að nægt sé að nálgast þetta efni á netinu og í farsímum. Til dæmis geti ferðamenn eða aðrir sem vilja fræðast um svæðið fengið upplýsingar um staði og náttúru þar sem þeir eru staddir á í gegnum farsímann sinn. Einnig er hugmyndin að þróa ýmis forrit fyrir farsíma og nota GPS tæknina til staðsetningar og setja upp orðabækur, glósubækur og námsefni fyrir farsímana. Möguleikar eru því nær óþrjótandi. Verkefnið verður unnið í nokkrum áföngum og reiknað með að því ljúki árið 2012.

Fast í hendi

Hér eru nokkrar slóðir á vefi og blogg þar sem fjallað er um farsíma sem náms- og kennslutæki. Í þessu efni kemur meðal annars fram hugtakið „handheld learning“, hvernig finnst lesendum að ætti að þýða það? Gaman væri að heyra frá ykkur um þetta, þið getið sent hugmyndir til kristin@ki.is

www.handheldlearning.co.uk/

www.cellphonesinlearning.com/

www.pontydysgu.org/2009/11/25-practical-ideas-for-using-mobile-phones-in-the-classroom/

www.sacbee.com/education/story/2077070.html

literacyispriceless.wordpress.com/2008/01/21/using-cell-phones-as-teaching-and-learning-tools/

blogs.worldbank.org/edutech/videos/mobiles-0

Forvarnaskólinn

Árni Einarsson stýrir Forvarnaskólanum þar sem kennt er hvernig hægt er að fyrirbyggja ýmsan skaða sem lífsstíll okkar skapar. Námið á meðal annars erindi við kennara sem hafa áhuga á að efla forvarnastarfi í skólum en Árni er sjálfur fyrrverandi grunnskólakennari og lærði uppeldis- og menntunarfræði til meistaraþráðu auk kennslufræði til kennsluréttinda. Þá hefur hann stýrt forvörnum á vegum heilbrigðisráðuneytisins og fleiri stofnana, fyrirtækja og félagsamtaka og látið til sín taka víðar svo sem með setu í bæjarstjórn og þátttöku í nefndum og ráðum. Árni svarar hér nokkrum spurningum sem blaðamaður beindi til hans um námið í Forvarnaskólanum.

Er þetta nýtt nám? Fyrir hverja? Hversu langt?

„Forvarnaskólinn var stofnaður í janúar 2007“, segir Árni. „Markmið skólans er að auka þekkingu þeirra sem starfa að forvörnum og auka gæði slíks starfs með því að bjóða upp á skipulagða og skilgreinda fræðslu. Námið er ætlað þeim sem vinna, eða ætla sér að vinna, að forvörnum á ýmsum sviðum, svo sem sveitarfélögum, fyrirtækjum, skólum, félagsamtökum, æskulýðs- og íþróttastarfi, fólki sem starfar við löggæslu, sálsgæslu, félagsþjónustu eða tekur þátt í kirkjulegu starfi. Með náminu gefst kostur á að öðlast yfirsýn á stuttum tíma sem annars tæki flesta langan tíma. Námið er alls 150 klukkustundir og spannar fjóra mánuði. 100 klukkustundir eru skipulagðar kennslustundir; 50 klukkustundir eru til heimanáms og verkefnavinnu.“

Til hvers?

„Stutta svarið er þetta: Þekking og færni eru lykilatriði í forvörnum. Ef ég má bæta

aðeins við þá er ljóst að forvarnir njóta vaxandi viðurkenningar enda þörfin fyrir þær augljósar. Margt í lífsstíl okkar nútímafélks getur valdið skaða sem með markvissu starfi er hægt að fyrirbyggja, að minnsta kosti að vissu marki. Til þess þarf þekkingu. Náminu í Forvarnaskólanum er ætlað að koma til móts við þetta og það er viðleitni til þess að bæta menntun og færni þeirra sem starfa að forvörnum.“

Hafa forvarnir í skólum áhrif?

„Forvarnastarfi í skólum getur verið lykilþáttur í forvörnum ef vel er á haldið,“ segir Árni, „og felur í sér allt það sem fræðslu- og uppeldisstarfi skóla getur áorkað á hverjum tíma til þess að draga úr líkum á að nemendur lendi í vanda, til dæmis neyslu áfengis og annarra vímuefna. „Það er mikilvægt að hafa í huga að fræðslu- og uppeldisstarfi skóla felst ekki bara í miðlun upplýsinga. Skólinn er mikilvægur uppeldisvettvangur og virkur þátttakandi í félagsmótun, félagsþroska og félagsfærni svo nefnd séu fleiri svið skólafarðar en fræðslustarfið. Um árabíl nær hann til flestra á viðkvæmu mótunarskeiði. Viðfangsefni hans er að búa börnin okkar undir framtíðina, mennta þau og gera þau fær um að sjá fótum sínum forráð og njóta lífsins. Hann hefur á að skipa starfsliði með almenna þekkingu á fræðslu- og uppeldisstarfi. Skólinn er því kjörinn vettvangur fyrir ýmis konar forvarnastarfi. Til þess að hann geti sinnt því sem best þarf hugsanlega viðbótarþekkingu við kennaranámið.“

Hvað getum við gert fleira?

Grundvallaratriði er að setja skýr markmið og móta skólafarfið og skólabraginn með forvarnir að leiðarljósi. Það er mikilvægt



Ljósmynd frá höfund

Árni Einarsson

að tryggja menntun og þjálfun þeirra sem sinna starfinu og veita skólunum nauðsynlegt svigrúm og fjármagn til þess að sinna forvörnum. Forvarnir eru svo mikilvægar að við eigum aðeins að sætta okkur við það besta sem völ er á og gera skólunum kleift að sinna hlutverki sínu sem best.“

Gleðileg jól kærar
kennarar!



SKÓLAMATUR



Óskar kennurum
gleðilegra jóla

Gleðileg jól kærar
kennarar!



Heimili og skóli
Landssamráð foreldra



SAMTAK, FÖLKYRJA OG TÆKNIS | www.saf-t.is

Námskeið á vorönn 2010



LSRR SÍMENNTUN
RANNSÓKNIR
RÁÐGJÖF

Matsverkefni í skólastarfi

8. janúar, 26. febrúar og 7. maí. kl.
13:00-17:00.

Kennari Sigurlína Davíðsdóttir

Söngur í gegnum hreyfimyndir

(klippimyndir)

3. og 4. febrúar (2 skipti) kl. 15:00-
17:00

Kennari Rannveig Þorkelsdóttir

Hagnýt leiklist

18. febrúar kl. 15:00-18:00

Rannveig Þorkelsdóttir

Skráning hjá Símenntun Rannsóknir Ráðgjöf Menntavísindasviði HÍ.

Netfang: mvs-simennt@hi.is eða í síma 525-5980

Skoðið nánar á
<http://vefsetur.hi.is/srr>

Hvernig kenni ég ljóð- Ætlað kennurum á unglingastigi

8. febrúar kl. 9:00-16:00

Ása H. Ragnarsdóttir og Magnús S.
Guðmundsson

Timastjórnun, streita og frestun.

9. og 16. febrúar kl. 15:00 til 17:00

Anna Sigurðardóttir

Humor í skólafunni

2. mars 2010 kl. 9:00- 16:00

Ása H. Ragnarsdóttir og Magnús S.
Guðmundsson



Flott fót fyrir allar flottar konur Stærðir 40-60

belladonna

Belladonna • Skeifunni 11 • Sími 517-6460 • www.belladonna.is



Bjarna Berg

Þar sem vindurinn blæs

Blásturshljóðfæraviðgerðir

- Málmblásturshljóðfæri
- Tréblásturshljóðfæri
- Hljóðfærakassar og töskur

Nánari upplýsingar er að finna á www.bjarmaberg.is og í síma 615-1231

Katrín Birna

Hljýjar jólagjafir á alla fjölskylduna!

Ullarföt í miklu úrvali!

100% Merino ull

JANUS | **Janusbúðin**

www.janus.no | Laugavegi 25 101 Reykjavík s. 552-7499 | Hafnarstræti 99-101 600 Akureyri s. 461-3006

UPPELDI OG MENNTUN!

Tímarit um skólamál. Uppeldi og menntun hefur fingurinn á þúlsinum og miðlar nýjustu þekkingu til þeirra sem vilja fræðast um nýjustu rannsóknir eða álitamál á sviði kennslu, uppeldis og skólastarfs.

Nýir áskrifendur fá fyrsta eintak á aðeins 1900 kr.!

Uppeldi og menntun kemur út tvisvar á ári, stútfullt af áhugaverðu efni fyrir kennara á öllum skólastigum.

Sendið póst á netfangið mvs-simennt@hi.is með nafni, heimilisfangi og kennitölu og þið fáið næsta tölublað um leið og það kemur út.

Uppeldi og menntun er gefið út af **Menntavísindasviði Háskóla Íslands** í samvinnu við **Háskólann á Akureyri**.

Ritstjóri er Hanna Ragnarsdóttir, dósent á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.

Nýtt frá Námsgagnastofnun

Skrifað í skrefum – ný útgáfa

Vefurinn *Skrifað í skrefum* hefur nú verið endurskoðaður og miklu efni bætt við hann. Á honum eru fjölbreytilegar æfingar, verkefni og hugmyndir að ritunarverkefnum. Einnig er þar að finna ítarlegar kennsluleiðbeiningar, matsblöð og gátlista fyrir kennara sem nota bókina *Skrifað í skrefum*. Hún kom út 1997 og er byggð á kenningum fræðimanna um ferlisritun og reynslu höfunda af öllum stigum grunnskólakennslu.

Trunt, trunt og tröllin

Á löngum, dimmum vetrarkvöldum sátu sögumenn í íslenskum baðstofum fyrri alda. Þeir sögðu sögur meðan fólk sat á rúnum sínum og vann. Þær segja frá álfum, tröllum, huldumönnum, galdramönnum, draugum, sæbúum, vitrum mönnum og heimskum, englum og þúkum, Kristi og Kölska. Þessar sögur eru kallaðar þjóðsögur og ævintýri. Í *Trunt, trunt og tröllin* eru 44 þjóðsögur og ævintýri sem skiptast í átta flokka: Álfar og huldufólk, draugar, galdrar, kímni- og ýkjusögur, tröll, helgisögur, úr sjó og vötnum og útilegumenn. Feitiletruð orð í texta eru með orðskýringum. Kennaraefni er væntanlegt á vefinn í desember.

Óboðnir gestir

Þau sofa í tjaldi við kirkjugarðinn. Enginn er heima á bænum. Allt í einu heyrir eitthvað. Hurðaskellur! RADDIR! Hvað er á seyði? Skemmtileg og spennandi saga eftir Sigrúnu Eldjárn í flokknum *Auðlesnar sögubækur* fyrir mið- og unglingastig grunnskóla.

Hitt og þetta, íslenska sem annað tungumál

Hitt og þetta, íslenska sem annað tungumál, eftir Jacqueline Friðriksdóttur og Ragnheiði Sigtryggisdóttur, er safn lestexta og verkefna. Bókin er einkum ætluð nemendum á unglingastigi sem eru með annað móðurmál en íslensku en hafa náð nokkurri færni í íslensku máli. Henni er ætlað að efla orðaforða þeirra, bæta lesskilning og vera eins konar brú yfir í lestur texta sem mæta nemendum á þessu aldurstigi. Efnið er valið með hliðsjón af mismunandi bakgrunni lesenda og kemur úr ýmsum áttum eins og heiti bókarinnar gefur til kynna. Verkefni fylgja hverjum kafla þar sem athygli nemenda er beint að einstökum orðum ásamt því að gera kröfur um lesskilning. *Hitt og þetta* nýtist einnig íslenskum nemendum sem þurfa skýra framsetningu á efni. Allir textar eru lesnir inn á hljóðbók sem hlaða má niður af vef Námsgagnastofnunar. Bókin er einnig til í vefútgáfu fyrir þá sem kjósa að prenta út stakar síður.

Landafræði tónlistarinnar

Vefurinn *Landafræði tónlistarinnar* eftir Ívar Sigurbergsson kynnir fyrir íslenskum grunnskólanemum menningu og tónlist sem er þeim frامandi. Áhersla er lögð á tónlistina en líka það menningarlega samhengi sem hún er sprottin úr. Einnig má finna ýmis verkefni á vefnum. Í þessari fyrstu atrennu eru kynnt tvö lönd: Krít og Túnis. Þá er væntanlegt efni um Spán og spænska tónlist. Efnið er einkum ætlað mið- og unglingastigi.



Fundaröð Námsmatsstofnunar um niðurstöður TALIS rannsóknarinnar

Kí vekur athygli félagsmanna sinna á umræðufundum um TALIS rannsóknina sem Námsmatsstofnun heldur í fundarsal sínum í Borgartúni 7 A í Reykjavík. Fyrstu tveir fundirnir voru núna í desember en haldið verður áfram á nýju ári með fundi 13. janúar, 3. og 24. febrúar og 17. mars.

TALIS rannsóknin fjallar um stöðu og viðhorf kennara og skólastjórnenda í grunnskólum. Þetta er alþjóðleg samanburðarrannsókn sem unnin var í samvinnu við OECD fyrir menntamálaráðuneytið. Ísland var eitt 24 þátttökulanda og voru helstu niðurstöður birtar sl. sumar, sjá nánar á ki.is/pages/2391 og á namsmat.is

Á umræðufundunum verður fjallað um ýmsa þætti niðurstaðna Talis en í henni er lögð megináhersla á mat á störfum kennara og þeirri endurgjöf sem þeir fá, starfsþróun, viðhorf og skoðanir kennara til eigin kennslu og á hlutverk og starfshætti skólastjórnenda.

Dagskrá umræðufundanna á næsta ári:

- 13. jan. 2010. **Menntun kennara.** Er munur á kennurum eftir menntun? Menntunarhópar kennara eru bornir saman á mælikvörðum TALIS. Þessar upplýsingar eru nýttar til þess að greina frekar menntunarbörf íslenskra kennara.
- 3. feb. 2010. **Starfsánægja kennara og trú þeirra á eigin getu.** Hvaða þættir hafa áhrif á starfsánægju kennara og trú þeirra á eigin getu? Hvaða þætti eru unnt að bæta til þess að auðvelda kennurum og skólastjórum að rækja hlutverk sitt?
- 24. feb. 2010. **Mat og endurgjöf.** Hvaða þættir skipta máli varðandi mat á störfum kennara, skólastjóra og skóla? Gerir matið gagn? Hvernig má bæta það og/eða auka?
- 17. mars 2010. **Skólamenning.** Má greina ólíka skólahópa á Íslandi eftir starfsháttum og viðhorfum kennara og skólastjóra þeirra? Niðurstöður klasagreiningar kynntar.

FG ályktar gegn niðurskurði

Stjórn Félags grunnskólakennara ályktaði 2. desember sl. gegn frekari niðurskurði og áformum um slíkt í grunnskólum landsins. Bent er á að niðurskurður sé nú þegar orðinn verulegur og þrátt fyrir að mörg sveitarfélög nýti ekki útsvarsheimildir sínar að fullu krefjist þau engu að síður enn frekari niðurskurðar á kennslu og menntun grunnskólabarna.

Ályktun 2. desember 2009

Stjórn Félags grunnskólakennara ítrekar þá staðreynd að þegar hefur verið skorið verulega niður í skólakerfinu. Tæplega 80% sveitarfélaga hafa dregið úr yfirvinnu, forfallakennslu og búnaðarkaupum auk þess sem kennslustundum hefur verið fækkað, fjölgað í námshópum og dregið úr vettvangsferðum nemenda svo eitthvað sé nefnt.

Jafnframt lýsir stjórnin yfir undrun sinni á því að á sama tíma og sveitarfélög krefjast enn frekari niðurskurðar á kennslu og menntun grunnskólabarna skuli mörg þeirra ekki nýta útsvarsheimildir sínar að fullu.

Stjórn Félags grunnskólakennara skorar á sveitarstjórnarmenn að taka eindregna afstöðu með menntun og standa við fyrri yfirlýsingar um að verja menntakerfið, sem sannarlega er hluti af grunnþjónustu sveitarfélaga, og láta hér staðar numið í niðurskurðaráformum.

Stjórn Félags grunnskólakennara.



NORDPLUS

Nordplus styrkir samstarf leik-, grunn- og framhaldsskóla á Norðurlöndum og í Eystrasaltslöndum



Nordplus Junior


(Norðurlöndin og Eystrasaltslöndin)

- Ferðir nemenda og kennara (mobility)
- Styrkir til samstarfsneta (networks)
- Styrkir til samstarfsverkefna (projects)

Nordplus Nordiske Sprog og Kultur

(Norðurlöndin)

- Ferðir nemenda og kennara (mobility) til að styrkja málkilning, málkunnáttu og menningarvitund þeirra.



Umsóknarfrestur er til og með 1. mars nk. fyrir skólaárið 2010-2011

Nánari upplýsingar á:

www.nordplus.is

Landskrifstofa Nordplus
Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins
Háskólatorgi, 101 Reykjavík
Sími 525 4311

Verðlaun í landskeppni eTwinning skólaárið 2008-2009

Versló, Flataskóli og Bakki fengu verðlaun

Úrslit í landskeppni eTwinning skólaárið 2008-09 voru kynnt á Písa í Lækjargötu þann 16. október síðastliðinn. Veitt voru verðlaun í flokkum leik-, grunn- og framhaldsskóla. Verðlaunin voru öflug stafræn myndbandsupptökuvél sem Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra afhenti. eTwinning er áætlun ESB um raf-rænt samstarf skóla í Evrópu. Landskrifstofa eTwinning er Alþjóðaskrifstofa háskólastigsins. Nánari upplýsingar á heimasíðu landskrifstofunnar: www.etwinning.is

Verðlaunaverkefni og umsögn dómnefndar:

Bakki (Reykjavík), Rakel G. Magnúsdóttir:
Through the children's eyes

Þetta er spennandi og einfalt verkefni þar sem mörg börn eru virkir þátttakendur. Verkefnahugmynd er góð og vel útfærð. Verkefnið ýtir undir skapandi starf og sýnir hvernig börn geta skynjað heiminn og skrásett með aðstoð stafrænnar ljósmyndatækni. Verkefnið fellur vel að útikennslu og náttúru-skoðun. Þetta er samvinnuverkefni nokkurra

landa og börn sem tóku þátt gátu því skyggst inn í heim barna í öðrum löndum í gegnum sjónarhorn þeirra, sérstaklega hvað varðar árstíðir og umhverfi. Þetta er gott dæmi um verkefni sem myndar samfellu milli skólastiga og verkefni sem er unnið í samstarfi við foreldra.

Flataskóli (Garðabæ), Kolbrún Svala
Hjaltadóttir: Schoolovision

Stórt evrópskt verkefni sem skólar úr mörgum löndum Evrópu taka þátt í, einn úr hverju landi. Verkefnið tvinnar saman tækni og listir, tengist dægurmenningu og líkir í sumu eftir söngvakeppni Evrópulanda, Eurovision, með söngkeppni þar sem úrslit ráðast gegnum kosningu og rauntímatengsl eru við aðra skóla. Hvert land sendir inn upptöku á einu söngatriði þar sem myndmál er einnig mikið notað og veitir gjarnan innsýn í viðkomandi skóla. Verkefnið er til þess fallið að virkja marga nemendur og auka samkennd innan skóla, það tengist landafræðikennslu og veitir innsýn í mismunandi hefðir og menningarheima þegar nemendur skoða upptökur af dans- og

söngatriðum hinna þáttökulandanna.

Verzlunarskóli Íslands, Hilda Torres: Are we so different? ¿Y tú cómo vives?

Viðamiknið og flott verkefni og ljóst að þátttakendur hafa lagt mikla alúð og vinnu í það, bæði nemendur og kennarar. Nemendur í þáttökulöndunum tveim höfðu mismunandi markmið að hluta, íslensku nemendurnir voru fyrst og fremst að læra spænsku en þeir spænsku lærðu ensku og dálitla íslensku. Áhugasvert var að sjá hvernig tókst að leysa þetta og vinna með mismunandi tungumál. Dæmi um skemmtilega notkun á upplýsingatækni eru hljóðupptökur á vefsvæðinu voxopop. Unnið var með þemu sem greinilega féllu að áhugasviði nemenda og hefur það eflaust aukið áhuga þeirra á náminu. Augljóslega hefur lifandi og skemmtilegt tungumálanám átt sér stað í þessu verkefni.

Guðmundur Ingi Markússon
Höfundur er verkefnisstjóri hjá
Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins.

Kennari gerir viðhljóðfæri

Skólavarðan fékk Katrínu Birnu Þráinsdóttur til að kynna sig og viðgerðaverkstæðið sitt en svona verkstæði eru ekki á hverju strái.

„Ég heiti Katrín Birna Þráinsdóttir og bý á Hornafirði. Þar er ég með verkstæðið BjarmaBerg og sérhæfi mig í að gera við blásturshljóðfæri og hljóðfærakassa. Ég hef starfað sem tónlistarskólakennari við Tónskóla A-Skaftafellssýslu frá árinu 2003 þar sem ég kenni á tréblásturshljóðfæri og hef sinnt hljóðfæraviðgerðum samhliða kennslu undanfarin þrjú ár. Einnig hef ég sótt og sækja nám í blásturshljóðfæraviðgerðum til Wales í Bretlandi og Bandaríkjunna.

Ég hef fengist við ýmiss konar handverk í gegnum tíðina enda alltaf haft mikinn áhuga á að búa til og gera við hluti. Mest hef ég unnið með leður, steina og hreindýrahorn en einnig gert við reidtygi.

Verkstæðið er á heimili mínu þar sem ég hef komið upp vinnuáðstöðu. Varahluti fyrir viðgerðirnar flyt ég inn frá Bretlandi og Bandaríkjunum og hef byggt upp lager varahluta fyrir algengustu hljóðfærin. Þar sem hljóðfæri eru verðmæt tel ég fulla ástæðu til að bjóða upp á viðhalds- og viðgerðarþjónustu til að lengja líftíma þeirra og auðvelda nemendum tónlistarnám. Ég legg áherslu á að viðgerðarferlið sé eins stutt og kostur er og því er mikilvægt að viðskiptavinir kanni verkefnastöðu BjarmaBergs áður en hljóðfæri eru send af stað.

Við flutning hljóðfæra mæli ég með að þau séu send með póstinum, Tónastöðin í Skipholti er með móttöku á hljóðfærum fyrir mig og þangað er því hægt að fara með þau og sækja að viðgerð lokinni. Nánari upplýsingar er að finna á www.bjarmaberg.is og í síma 6151231.

Kær kveðja,
Katrín Birna.“



Katrín Birna að störfum á verkstæðinu.

Við þökkum
viðskiptin á
árinu 2009



*Jólaglaðningur fyrir
skóla landsins!*



Þrjár töflur í einni!
Gagnvirk tafla, hefðbundin
tússtafla og
glósutafla (Ink Capture)

Verð aðeins
170.000 kr.*
Verð áður 340.000 kr.

50%
AFSLÁTTUR

SnjallTafla

Gagnvirk, vönduð og ódýr lausn fyrir skóla og fyrirtæki!

Við bjóðum ykkur nú gullið tækifæri til að eignast gagnvirka töflu á **50% afslætti** vegna frábærra samninga við framleiðandann.

Taflan er frá breska fyrirtækinu Sahara og heitir CleverBoard 1 eða SnjallTafla 1. *Skólar og fyrirtæki sem panta SnjallTöflu fyrir **15. janúar 2010** fá töfluna á **170.000 kr. m/vsk**. Afgreiðslutími er í febrúar 2010.

Með tilboði okkar viljum opna skólum og fyrirtækjum leið til að eignast gagnvirkar kennslu- og fundartöflur á fjárhagslega erfiðum tímum.

Helstu kostir SnjallTöflu:

- hægt að nota hana sem venjulega tússtöflu
- hún er með glerkeramik töfludúk með lífstíðarendingu
- hún er glósutafla (ink capture): glósuáhöld fylgja
- hún er gagnvirk tafla (IWB): gagnvirkur penni fylgir
- hún kemur með Lynx 4.0 hugbúnaðinum (ath. passar öllum IWB)
- hún er með læsanlegum geymsluhólfum á báðum hliðum

Nokkur tæknileg atriði:

Stærð: 180 sm (horn í horn)
Þyngd: 42 kg.
Festingar: á vegg

Grípið tækifærið - Pantið núna og tryggjið ykkur SnjallTöflu!

Hafið samband við söludeild okkar í síma **580-0000**
eða sendið tölvupóst á sala@a4.is.



ATHUGIÐ!
Skólavörubúðin er hluti
af A4 Smáratorgi

 **sahara**

A4

Skrifstofa og skóli

Smáratorgi + Kópavogi
Sími 580 0000 + www.a4.is

Eru ekki allir í einhverju?


UNDAC (United Nations Disaster Assessment and Coordination Team) er hamfaramatsteymi sérfræðinga sem starfar innan Sameinuðu þjóðanna. Það samhæfir aðgerðir alþjóðasamfélagsins í kjölfar hamfara, setur upp og rekur samhæfingastöðvar, tryggir samvinnu við stjórnvöld og stjórnendur skaðalands, metur umfang hamfara og stjórnar komu og brottför erlendra hjálparliða. Á viðbragðslista UNDAC eru tvö hundruð manns víðs vegar að úr heiminum og þeir verða að vera tilbúnir til að fara með skömmum fyrirvara hvert á land sem er. Einn þessara er **Ólafur Loftsson** formaður Félags grunnskólakennara.

Ólafur hefur verið í Hjálparsveit skáta í Reykjavík frá átján ára aldri og þegar honum bauðst þátttaka í UNDAC var erfitt að víkjast undan. „Eftir að hafa borið málið undir fjölskylduna, stjórn Kennarasambandsins og aðra samstarfsmenn og fengið grænt ljós alls staðar, þá varð þetta að veruleika,“ segir Ólafur. „Þetta virkar þannig að ég verð að gefa kost á mér einu sinni á ári hið minnsta og dvelja í eina til þrjár vikur á skaðasvæði. Það sem þeim hjá UNDAC þótti fengur í var að ég þekki til stjórnsýslu og samningatækni auk bakgrunnins í björgunarstarfinu.“

Ólafur var ráðinn til starfans og fær að launum einn bandaríkjadal annað hvort ár þar sem hann getur ekki, lögum samkvæmt, verið starfsmaður Sameinuðu þjóðanna ef hann þiggur engin laun. „Ég fékk að vita að ég hefði verið valinn í þetta á tuttugu ára brúðkaupsafmæli okkar hjóna,“ segir Ólafur. En af hverju gaf hann kost á sér? „Þetta er snúin spurning,“ segir Ólafur og brosir. „Eru ekki allir í einhverju? Þetta var bara eðllegt framhald á því sem ég hafði fengið við, ég var búinn að taka þátt í mjög mörgum útköllum hérna heima. Svo er það nú líka bara þannig að það þýðir ekki að vera stöðugt að þiggja frá öðrum og tíma svo aldrei að gefa neitt. Loks spilar ævintýramennska örugglega eitthvað inn í þetta líka.“

Nýverið fór Ólafur í fyrstu ferðina sem UNDAC-liði til Filippseyja þegar von var á fellibylnum Lupit, en sem betur fer sveigði sá skaðræðisgripur af leið og hélt á brott frá Filippseyjum. Nokkrir fellibylir voru þó búnir að ganga yfir landið og í flóðunum sem þeim fylgdu létust á annað þúsund manns. „Þegar jarðskjálftar verða,“ segir Ólafur, „þá þarf viðbragðshraði hjálparliða að vera enn meiri en til dæmis í flóðum. Ástæðan er sú að flestallir eða allir sem láta lífið í flóðum gera það á fyrstu mínútunum en eftir jarðskjálfta geta margir verið enn á lífi, grafnir í rústum. Þar sem Lupit lét til allra heilla varla sjá sig þá fór teymið mitt beint í að aðstoða við mat á þörf fyrir neyðaraðstoð vegna flóðanna. Það tekur allt að hálft ár að koma samfélaginu á réttan kjöl eftir þessar gífurlegu hörmungar,“ segir Ólafur. „Filippseyjar eru fjölmennt land og tíu miljónir manna eða fleiri hafa orðið fyrir skaða af völdum fellibylja sem fóru yfir landið á nokkurra vikna tímabili.“

keg



UNDAC hópurinn frá Sameinuðu þjóðunum ásamt aðstoðarmönnum.



Ljósmyndir: Ólafur Loftsson

Ólafur nýlentur heima eftir sautján tíma flug frá Manila.



Skóli á flóðasvæðinu.



Hér sést ferill fellibylsins Lupit.



Skipulagsfundur með fulltrúum frá stofnunum UN og hjálparstofnunum.



Jeepknee. Mjög algengt faratæki í Manila sem dregur nafn sitt af því að það er svo þröngt um fótleggina að hnén rekast í.



Hluti af búnaði UNDAC liða sem UN leggur til.



Fundað um næstu skref fyrir utan OSOCC, en það er skammtstofun fyrir samhæfingarmiðstöðvarnar (On-Site Operations Coordination Centre).

Í öruggum höndum í bíl frá okkur



Bílarnir okkar eru:

- í hæsta gæðaflokki
- umhverfisvænir
- með öryggisbelti
- með sjónvarpi og DVD
- með fyrsta flokks bílstjórum

Flottir bílar - frábær þjónusta



Hafðu samband:

Iceland Excursions - Allrahanda

Hafnarstræti 20, 101 Reykjavík

Sími: 540 1313

www.allrahanda.is - ruta@allrahanda.is



***Iceland*excursions**
Allrahanda



Menntun í fyrsta sæti á þjóðfundi

Menntamál voru í fyrsta sæti af þeim níu meginþemum sem þjóðfundurinn 2009 valdi laugardaginn 14. nóvember sl. til að vísa veginn til framtíðar. Önnur þemu voru þessi: Umhverfismál, fjölskyldan, velferð, atvinnulíf, sjálfbærni, jafnrétti og stjórnsýsla. Átján þemasetningar um framtíðarsýn í menntamálum voru settar fram á fundinum.

Þemasetningarnar átján:

- 1 Við viljum metnaðarfulla menntastefnu sem byggist á jafnrétti til náms óháð efnahag. Jafnframt þarf aukna áherslu á einstaklingsmiðað nám, verknám og góð tengsl skólastarfsins við íþróttahreyfinguna.
- 2 Að stjórnsýsla grunn-, framhalds- og háskóla auki áherslu á nýsköpun og verkmenntun. Leggja áherslu á gjaldfrjálsar skólamáltíðir, skólabúninga og útrýmingu eineltis.
- 3 Byggjum sjálfstætt og gagnrýnið þekkingarþjóðfélag þar sem allir hafa jafnan rétt til fjölbreytts, skapandi, bóklegs og verklegs náms alla ævi.
- 4 Við viljum menntun fyrir alla óháð efnahag, öflugt menntakerfi með öflugri stoðþjónustu, þar sem siðfræði er rauður þráður gegnum allt kerfið.
- 5 Menntun mótist af lýðræðislegri skapandi og gagnrýnni hugsun og varðveislu menningararfleifðar, jafnhliða því að efla rannsóknir og vísindi.
- 6 Menntakerfi sem byggist á jafnrétti, fjölbreytni og nýsköpun, sem styrkir einstaklinginn með krafti og frumkvæði svo hæfileikar allra njóti sín.
- 7 Allir hafi jafnan rétt til góðrar menntunar með tilliti til hæfni einstaklingsins. Ríkulegt menningarsamfélag með verndun íslenskrar tungu að leiðarljósi.
- 8 Öllum skal tryggt jafnrétti til náms við hæfi. Þar sem eineltisofbeldi er útrýmt. Sérstök áhersla á fjármálalæsi, gagnrýna hugsun og siðfræði.
- 9 Allir hafi jafnan rétt til góðrar menntunar með áherslu á tengingu við atvinnulífið og umhverfismennt og aukna fræðslu um gangverk þjóðfélagsins.



KENNAFÉLAG REYKJAVÍKUR FAGNAR ÁHERSLU ÞJÓÐFUNDAR Á MENNTUN

Stjórn Kennarafélags Reykjavíkur hefur ályktað um þá niðurstöðu þjóðfundarinnar að setja menntamál í fyrsta sæti í framtíðarsýn þjóðarinnar. Ályktunin er svohljóðandi: Stjórn Kennarafélags Reykjavíkur fagnar áherslum þjóðfundarinnar á gildi menntunar við gerð framtíðarsýnar fyrir íslensku þjóðina. Stjórn Kennarafélags Reykjavíkur styður heilshugar að góð og fjölbreytt menntun sem byggist á jafnræði fyrir alla sé framtíðarstefna lands og þjóðar. Góð menntun eykur lífsgæði til framtíðar.

Ríkisstjórnin ákvað á fundi sínum föstudaginn 20. nóvember sl. að fela stýrihópi sóknaráætlunar fyrir Ísland að vinna með Mauraþúfunni, aðstandendum þjóðfundarinnar sem haldinn var 14. nóvember sl., að því að niðurstöður fundarinnar endurspeglar í sóknaráætluninni.

- 10 Við búum í þekkingarsamfélagi þar sem nýsköpun ríkir og allir hafa aðgang að námi, einstaklingurinn fær að njóta sín og áhersla lögð á sköpunargleði.
- 11 Framúrskarandi menntakerfi með jafnrétti til náms og tilliti til ólíkra sérparfa, áherslu á fjölbreytt námsefni, m.a. siðfræði og forvarnir gegn tölvufíkn, árangursmat kennara tekið upp.
- 12 Ókeypís, vel skipulagt menntakerfi sem byggir á jafnræði og virðingu þar sem áhersla er lögð á fjölbreytni og sköpun.
- 13 Sjálfstæð, vel menntuð og siðmenntuð þjóð sem veitir öllum jöfn tækifæri til menntunar og styður verkmenntun.
- 14 Börnin eru framtíð þjóðarinnar. Aukum gæði og valkosti menntunar, menningar

og lista. Allir hafa sama rétt til náms, óháð fjárhag. Aukum markvissar forvarnir.

- 15 Ísland er alþjóðlega samkeppnishæft þekkingarsamfélag þar sem menntun er í forgangi og allir hafa tryggt aðgang að fjölbreyttu einstaklingsmiðuðu námi, s.s. iðnmenntun og rannsóknatengdu háskólanámi byggðu á beinu lýðræði.
- 16 Á Íslandi ríki jafnrétti til náms, virðing verkmenntunar aukin, skapandi hugsun eflað og gæði menntunar tryggð.
- 17 Tryggja jafnt aðgengi að góðu og öflugri menntakerfi þar sem áhersla er lögð á félagslega færni ásamt fjölbreyttum náms-tækifærum fyrir hvern einstakling.
- 18 Þekkingarsamfélag með gott menntakerfi sem býður upp á jöfn tækifæri til menntunar.



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ





Hóperðamiðstöðin
Vesttravel



ÞEGAR ÞIG VANTAR RÚTU!

Hestháli 10, 110 Reykjavík - www.trex.is - info@trex.is - Sími 587 6000

Skóli án aðgreiningar: Áskoranir og hindranir

Nýverið stóð Rannsóknarstofa um skóla án aðgreiningar (RSÁA) í samvinnu við menntavísindasvið og KÍ fyrir annarri ráðstefnu sinni af þremur um stefnuna skóla án aðgreiningar. Meðal fyrirlesara var **Elna Katrín Jónsdóttir** varaformaður KÍ og hér er gripið ofan erindi hennar á nokkrum stöðum.

Elna vék meðal annars að togstreitunni um „hvort og þá í hvaða mæli sérskólar eða sérdeildir eigi að vera til staðar og vera valkostur andspænis sjónarmiðum um að stefnan verði aðeins skilin svo að allir nemendur á skólagöngualdri eigi skýlausan rétt á því að ganga í almennan skóla í grennd við heimili sitt og stunda þar nám við hlið annarra nemenda.“ Hún lýsti þeirri skoðun sinni að allt rúmaðist þetta „innan stefnunnar um skóla án aðgreiningar svo lengi sem hagar, þroski og menntun nemenda er í fyrirrúmi við alla ákvarðanatöku.“

• Síðar í erindi sínu sagði Elna: „Breytt hugsun og breytt hegðun fagfólks birtist í því að kennarar og margir aðrir í samfélaginu ræða oftar og af meiri alvöru um hvers kyns margbreytileika. Kröfur til kennara og væntingar til frammistöðu nemenda, skóla og

skólakerfis eru þó mótsagnakenndar þar sem annars vegar er málflutningur um að skora hátt á prófum og í úttektum á mælanlegri hæfni og færni og hins vegar meiri áhersla en fyrr á að framkvæma í alvöru í skólastofunni markmiðin um rétt hvers einstaks nemanda á að þroskast, lifa og læra í umhverfi sem hentar honum. Um þessi efni þarf meiri umræðu – einkum um það hvort „annað sé á kostnað hins“ eða hvort fremur þurfi að líta til þess að skólakerfið standi undir markmiðum sínum.“

• Enn fremur: „Að standa við stefnu okkar um skóla án aðgreiningar krefst þess að fást við raunveruleika fjárveitinga, aðstæðna í skólastarfi, aðgengi og svo ekki síst viðhorf fagfólksins í skólunum.“

• Og: „Miklu skiptir að við skipulagningu inntaks og áherslna í nýrri fimm ára kennaramenntun verði raunverulega breytt, aukið og lagfært með það fyrir augum að fagfólk sem starfar í skólunum finni sig hæft og fært til þess að starfa í skóla án aðgreiningar.“

• Í lokin sagði Elna meðal annars: „Stefnu-mörkun KÍ um skólamál og menntun endurspeglar það sjónarmið að skólinn sé skoðaður sem ein heild og félagsmenn sem ein fag-

Tveir punktar af fimmtán á minnisblaði RSÁA um skóla án aðgreiningar

Skólinn kappkostar að vera lifandi náms- og félagslegt samfélag nemenda og kennara, ryðja burt hindrunum sem útiloka aðgengi einstakra nemenda að náminu og samfélaginu og efla að sama skapi allt það sem tengir fólk og treystir samstöðu.

Sérgreind úrræði svo sem sérskólar og sérdeildir eiga enn rétt á sér í undantekningar tilfellum – og þar býr mikilvæg þekking og reynsla sem þar er sé til reiðu fyrir starfsfólk almennra skóla. Foreldrar þurfa að eiga val um skóla fyrir börn sín.

Tekið af vefir.hi.is/skolianadgreiningar/?page_id=9

stétt. Réttur allra nemenda til menntunar og þjálfunar við hæfi frá unga aldri til full-orðinsára er þar ávallt talið eitt verðugasta viðfangsefni skólakerfisins.“

Sjá nánar um ráðstefnuna á vefir.hi.is/skolianadgreiningar/

SMÍÐSHÖGGIÐ

Ævintýri og upplifanir

Barnvænt er það samfélag þar sem allir taka ábyrgð á öllum börnum. Börn eru ekki einungis annarra manna. Þau eiga eftir að verða atvinnurekendur, iðnaðarmenn og þingmenn. Haldið þið að við fáum ekki vænni iðnaðarmann, þingmann eða atvinnurekanda ef hann elst upp í barnvænu samfélagi?

En hvernig förum við að því að skapa barnvænt samfélag?

Jú, það er einfalt: Við drögum börnin frá flatskjám og tölvum og viðrum þau. Ekki eitt og eitt heldur nokkur saman í hóp. Þetta gerum við með hjálpi ríkis, sveitarfélaga og fyrirtækja í landinu. Það þarf að móta eða búa til frá grunni staði þar sem fólk kemur saman.

Börn hafa ótrúlega mikla aðlögunarhæfni. Það er aðalástæðan fyrir því að við erum enn til. Börn biða ekkert eftir því að fá upplýsingar um hvað við ætlum að gera. Þau vilja heyra, sjá og snerta - gera. Þau kunna að vinna úr því sem þau hafa, laga sig að veruleikanum og spila eins vel og hægt er úr því sem þar er að hafa. Það er ótrúlegt hvað börn hafa lifað af í gegnum síðustu aldirnar, örbyrgð og allsleysi, styrjaldir og ofsóknir, kapphlaup og ofgnótt.

Þrátt fyrir þessa miður skemmtilegu upptalningu þá erum við ennþá til. Og það getum við þakkað börnunum. Gegnum hörmungar og misjöfn gæði þá hugsa þau, skapa og framkvæma. Þeim tekst að skapa leiki og listaverk í ömurlegustu aðstæðum. Sköpunarkraftur þeirra er svo sterkur og

Arnar Yngvason, höfundur greinarinnar að störfum á UT ráðstefnu.



Ljósmyndir frá höfund.

drífandi að flest láta þau ekkert stoppa sig. Þau hafa ekki misst sjónar á því til hvers við erum hér. Að lifa er að leika og að leika er að lifa. Að hugsa sér hvílíkan kraft sem börnin eiga. Þvílíkt náttúruafl þau eru. Og það er óbeislað náttúruafl og verður vonandi þannig að okkur takist aldrei að kæfa það. Hugsíð ykkur allan kraftinn í gegnum aldirnar. Ef að þessi kraftur hefði fengið kjöraðstæður til að njóta sín. Ef að aðstæður barnanna hefðu verið mannúðlegri. Hvað hefði getað gerst ef hið barnslega sakleysi hefði ráðið för. Færri heimsstyrjaldir? Já þið getið bókað það. En hvað höfum við um þetta að segja núna í dag? Hvað getum ég eða þú gert? Nú er komið að

okkur að gera okkar besta. Og það fyrsta sem við eigum að gera er að *hlusta á börnin*.

Ég er ekki sjálfur barn í bókstaflegum skilningi en þar sem ég hef helgað þorra starfsævinnar starfi með börnum leyfi ég mér að koma með nokkrar hugmyndir.

Hættum að fela helstu náttúruþerlur landsins fyrir börnunum okkar. Hérlandis eru margir frábærir staðir sem ekki verður komist á nema með harðfyllgi karla og örfárra kvenna sem þola hrútalykt og óhrein sokkablögg, þangað liggja eintómar vegleysur og ófærur og engin er hreinlætisaðstæðan. Skipuleggjum ævintýraferðir fyrir börn upp á hálendi að skoða gróðurinn, dýralífið og auðnina. Ég er

Ég er ekki sjálfur barn í bókstaflegum skilningi en þar sem ég hef helgað þorra starfsævinnar starfi með börnum leyfi ég mér að koma með nokkrar hugmyndir.

Þess fullviss að hægt væri að skipta út áskrift að Animal Planet fyrir slíka ferð því hún yrði miklu meira spennandi.

Þjóðum börnum að skoða lífríki sjávar. Slíkt safn ætti að vera aðgengilegt í hverjum landsfjórðungi og þau þyrftu ekki að vera öll eins uppbyggð. Eitt gæti verið á hafsbótnei nálægt skipsflaki sem einnig væri hægt að skoða. Hvað haldið þið? Finnið þið ekki strax barnslegan fiðringinn? Hver slægi hendinni á móti því að geta gengið í gegnum gegnsætt rör inn í mitt skipsflak? Vill einhver vera með?

Svona hlutir lýsa kraftinum í börnunum best. Þau elska ævintýri og upplifanir. Haldið þið hin sterka upplifun sem við öðlumst í náttúrunni hafi ekki áhrif á börn? Hvers vegna eru ekki vísinda- og tilraunasafn í hverjum landsfjórðungi? Kvartað er yfir litlum raungreinaáhuga ungmenna. En gera menn eitthvað til að vekja þennan áhuga? Harla lítið. Lögmál vísinda verða að vera aðgengileg í leik og starfi. Setja þarf upp tilraunaleikvang til að leyfa börnum að sjá, snerta og hugsa. Byggðasöfnum var komið á fót víða um land og fór þar saman hugsjón og drifkraftur manna sem vildu bjarga þjóðarfinum. Það er eins og þessa hugsjón eða vilja vanti til að koma málum barnanna á hreyfingu.

Segjum svo að við ákveðum að hlusta á börnin. Búa þeim aðstæður sem eiga ekki sinn líka í mannkynssögunni. Getið þið ímyndað ykkur þann sköpunarkraft sem myndi leysast úr læðingi?

En það þarf ekki bara stórkostlegar hugmyndir. Sumir eru heimkærir og mega vera það í friði. Í kjölfar bankahruns og kreppu sem þó er aðallega kreppa misskiptingar því nóg er af gæðum og auði ef því er að skipta þá töluðu menn mikið um að gleyma ekki börnunum. Nú átti að sitja heima í yfirvinnubanni eða atvinnuleysi og knúsa börnin því lítið höfðu þau fengið af því sem var nú sem betur fer ekki alveg rétt.

Öll sveitarfélög ættu að sjá sóma sinn í að útbúa sinn eigin skemmti og upplifunargarð fyrir börnin. Ég er ekki að tala um gaddfreðið Disneyland. Ég er ekki endilega að tala um hluti sem kosta hvítuna úr augunum. Í mínu sveitarfélagi er til Lystigarður, ekkert of stór en nógu stór til að vera aðdráttarafi ferðamanna yfir sumarið. Slíkan blett er auðvelt að bjóða börnunum upp á. Þar er einnig rampur fyrir unglinga á brettum og fullt af göngu og hjólastígum.

En betur má ef duga skal. Ég vildi einnig sjá í tjörninni í fjörunni ylströnd fyrir litlu

börnin að sula í. Hluta af sömu tjörn sé ég fyrir leikfangabáta. Seglskútur og fjarstýrða báta. Hafið þið prufað þetta? Það hef ég og ef það er eitthvað sem þjappar fjölskyldunni saman þá er það slík upplifun. Ég vildi einnig sjá neðansjávarsafn þar sem hægt væri að skoða eitthvert flakið í Eyjafirðinum. Það gæti reyndar kostað aðeins meira en þá er komið til kasta fyrirtækjanna. Gleymið laxveiðiferðunum eða djamminu á Nordica. Allt svoleiðis getur beðið. Ef einhvers staðar á að byrja, ef einhvers staðar er til fimmeyringur á lausu þá á hann að fara í börnin. Þar byrjum við. Á undirstöðum nýs þjóðfélags þar sem við virkjum sköpunarkraft og gáfur en ekki neyslufylleri og hjarðeðli.

Með svona hlutum sköpum við aðstæður til þess að börn og fullorðnir hafi samfélag hvort af öðru. Nú hef ég lítið minnst á minn vinnustað, leikskólann. Kennarar hafa verið duglegir að nýta sér söfnin og ég veit að ég tala fyrir marga starfsbræður mína þegar ég segi að við eru tilbúinn að gera meira. Við erum tilbúin að taka þátt í uppbyggingu og mótun ef áhugi er fyrir hendi.

Nú eru ekki andlegir krepputímar. Það er á tímum eins og núna þegar herða þarf sultarólina örliðið og maður hefur smáséns á að komast niður í kjörþyngd sem sköpunarkrafturinn leysist úr læðingi. Ekki aðeins hjá börnunum heldur einnig hinum fullorðnu. Verum ekki eftirbátar barnanna, tökum þátt og búum þeim kjöraðstæður til að dafna.

Arnar Yngvason

Höfundur er kennari á lðavelli.



Hljóðabókasíðan
hlusta.is

Nýtt á Íslandi Stærsta hljóðbókasíða landsins

Notalegt, fróðlegt og skemmtilegt efni sem þú setur á iPodinn eða hlustar á í tölvunni

8 jólasögur í opinni dagskrá!

það verður hlustað um jólin



barnasögur
skáldsögur
smásögur
sakamálasögur
þjóðsögur



fornrit
fróðleikur
saga
ljóð
greinar



www.hlusta.is

Nýtt efni í hverri viku

Bók um svæðanudd



María Norðdahl



Maríu Norðdahl kennara og fulltrúa sjóða hjá KÍ er margt til lista lagt, hún er til að mynda meistari í heilsunuddi og nuddfræðum og var um hríð skólastjóri Nuddskólans. María gaf í sumar út ritið Kennslubók í svæðanuddi sem félagsmenn hafa séð hjá henni og spurt um, áhugasamir geta nú nálgast bókina hjá Maríu í hs. 5812513 og gsm 8994513.

Bókin er prýdd tugum mynda sem styðja við efnið og skýra það enn betur.

www.lsr.is



Traustur sjóður, örugg samfylgd

Meginhlutverk LSR er að taka á móti iðgjöldum sjóðfélaga og ávaxta þau í sameiginlegum sjóði til að greiða elli-, örorku-, maka- og barnalífeyri. Á vef LSR, www.lsr.is, geta sjóðfélagar nálgast yfirlit og séð heildarstöðu lífeyrisréttinda sinna og iðgjaldaskil launagreiðenda.



Nám í Ráðgjafarskóla Íslands

Ráðgjafarskóli Íslands býður upp á tvenns konar nám. Annars vegar nám í **Ráðgjafaskólanum**, sem er fyrir þá sem starfa við, eða ætla sér að starfa við ráðgjöf. Hins vegar nám í **Forvarnaskólanum**, sem er fyrir þá sem starfa að eða hyggjast starfa að forvörnum og forvarnaráðgjöf.

RÁÐGJAFASKÓLI

Eftirfarandi er m.a. tekið fyrir í Ráðgjafaskólanum:

- ✓ Samtalstækni, hópvinna og handleiðsla.
- ✓ Meðvirkni, ADHD og sjálfshjálparleiðir.
- ✓ Sálfræðileg, tilfinningaleg og persónuleg álitamál.
- ✓ Ráðgjöf (einstaklings-, hóp- og fjölskylduráðgjöf) og tækni til inngripa.
- ✓ Siðfræði og trúnaðarmál.
- ✓ Líffræði og efnafræði áfengis og annarra vímuefna.
- ✓ Lyfjafræði.
- ✓ Sorg og sorgarviðbrögð.



STEFÁN JÓHANSSON
MA, fjölskylduráðgjafi, ICADC, ICPS
skólastjóri
Ráðgjafaskólans



ÁRNI EINARSSON
MA, uppeldis- og menntunarfræðingur, ICPS
skólastjóri
Forvarnaskólans

FORVARNASKÓLI

Eftirfarandi er m.a. tekið fyrir í Forvarnaskólanum:

- ✓ Ýmis samfélagsleg og pólitísk álitamál sem varða forvarnir.
- ✓ Kenningar um lýðheilsu og skilgreiningar á forvörnum.
- ✓ Lög og reglur sem afmarka forvarnir.
- ✓ Grundvallaratriði varðandi rannsóknir í forvörnum.
- ✓ Mat á árangri forvarna.
- ✓ Kenningar og rannsóknir á áhættuhegðun ungmenna.
- ✓ Líffræðileg verkun og áhrif vímuefnaneyslu á heilsu fólks og hegðun.
- ✓ Íhlutunar- og meðferðarúrræði á Íslandi, einkum fyrir ungt fólk.
- ✓ Lögð er áhersla á að nemendur geti að loknu náminu sett upp og verkstýrt forvarnaáætlunum.

**Umsóknarfrestur
um nám á vorönn 2010
er til 8. janúar 2010**

Upplýsingar og umsóknareyðublöð fást hjá:
Ráðgjafarskóli Íslands, Pósthólf 943, 121 Reykjavík
E-mail: stefanjo@xnet.is Sími: 553 8800



RÁÐGJAFARSKÓLI ÍSLANDS

Sjá nánar á www.forvarnir.is